

Háskólinn á Akureyri
Kennaradeild
Leikskólabraut
2007

Ljóð í leikskólum

- Vinna með ljóð sem þema -

Elín Norðdahl Arnardóttir
Ingveldur Sigurðardóttir

Lokaverkefni í Kennaradeild

Háskólinn á Akureyri
Kennaradeild
Leikskólabraut
2007

Ljóð í leikskólum

- Vinna með ljóð sem þema -

Elín Norðdahl Arnardóttir
Ingveldur Sigurðardóttir

Lokaverkefni til 90 eininga B.ed. prófs í Kennaradeild
Leiðsagnakennari: Ingibjörg Sigurðardóttir

Yfirlýsingar

Við lýsum því hér með yfir að við einar erum höfundar þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna.

Elín Norðdahl Arnardóttir

Ingveldur Sigurðardóttir

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.Ed.-prófs í kennaradeild.

Ingibjörg Sigurðardóttir

Útdráttur

Þessi ritgerð er lokaverkefni til B.Ed. gráðu í kennaradeild við Háskólann á Akureyri. Fjallað er um vinnu með ljóð í leikskólum og leitast við að svara spurningunum: Er hægt að örva alla þroskaþætti barna sem kveðið er á um í *Aðalnámskrá leikskóla* í vinnu með ljóð? Og skiptir máli hvers konar ljóð það eru? Svarið er játandi. Að mati höfunda þessarar ritgerðar eru ljóð góður kostur til að vinna með í leikskólum og hægt að flétta vinnu með þau þannig að komið er inn á öll námsvið leikskóla og þar með örva alla þroskaþætti barna. Hægt er að notast við hvaða ljóð sem er svo framalega að börn geti tengt efni þess við reynslu sína að einhverju leyti.

Í ritgerðinni er farið í stuttu máli yfir sögu barnabóka og ljóða og hvernig barnamenningu var háttáð á árum áður. Farið er inn á móðurmálskenndu í leikskólum og sýnt fram á að vinna með ljóð er kjörin leið til að efla málþroska ungra barna. Fjallað er um hlutverk kennara og undirbúning barna fyrir komandi skólagöngu. Þá er fjallað um kenningar nokkra fræðimanna og hvernig þær samræmast markmiðum *Aðalnámskrá leikskóla*.

Í fylgiskjali er Handbók fyrir kennara í leikskólum sem höfundar þessarar ritgerðar hafa útbúið. Þar er komið á framfæri hugmyndum höfunda að verkefnavinnu með þema út frá þremur ljóðum. Með hverju ljóði eru sett eru fram sex verkefni og er vinnan skipulögð út frá öllum námsviðum leikskóla en þau eru: hreyfing, málrækt, tónlist, menning og samfélag, náttúra og umhverfi og myndsköpun.

Abstract

This essay is a final project for B.ed. grade in the Department of Early Childhood Education in the University of Akureyri. In it we'll discuss working with poetries in kinder garden and seek answers to these questions: Is it possible to stimulate all of children's maturity like it's written about in *Kinder gardens main curriculum* in working with poetries? Answers to this question are yes. The authors of this paper believe that working with poems is the way to go while working with children in kinder garden and that it can fit with the *Kinder gardens main curriculum*. While using this method we can stimulate all of the child's maturity. Does it matter what kind of poems they are? It is possible to use any kind of a poem as long as it is the child that can connect its experience with something that is written in the poem.

It roughly looks at the history of children's books and poetry and what children's culture was like in Iceland. We look at first language teaching and value working with poems as an ideal way to increase young children's speech development. Teachers role are discussed and preparing children for their coming years at school. Then we argue some scholars' theories and how they fit to *Kinder gardens main curriculum*.

As an attachment is a handbook for Kinder garden teachers made by the authors. There they view their ideas for assignments, with themes, for three poems. There are six assignments for each poem. By the handbook the assignments are done in all of the Kinder gardens study areas, which are: movement, first language lessons, music, culture and community, nature and environment and artistic creation.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Hvers vegna ljóð	3
2.1. Börn og bækur á Íslandi	4
2.2. Móðurmálskennsla í leikskóla	6
2.3. Vinna með ljóð í tengslum við <i>Aðalnámskrá leikskóla</i>	10
2.4. Samantekt	11
3. Hugmyndafræði í ljósi <i>Aðalnámskrár</i>	13
3.1. Dewey	13
3.2. Piaget	15
3.3. Malaguzzi	17
3.4. Vygotsky	19
3.5. Gardner	20
3.6. Fræðin i verki - handbók kennara	23
3.7. Samantekt	24
4. Lokaorð	25
Heimildaskrá	26
Fylgiskjal A - Handbók kennara	28

1. Inngangur

Á liðnum árum í námi okkar höfunda hafa margskonar verkefni verið gerð en eitt hefur þó staðið upp úr. Það var ritgerð í barnabókmenntum þar sem sett var upp verkefni um það hvernig vinna megi með ljóð í leikskóla. Höfundar prófuðu hugmyndir sínar og kom það þeim skemmtilega á óvart hversu frjó börnin voru í þessari vinnu. Þetta verkefni varð kveikjan að því að við ákváðum að vinna út frá ljóðum í leikskóla í þessu lokaverkefni.

Ritgerð þessi fjallar um það hvernig megi vinna með ljóð í leikskólum og reynt verður að svara því hvort hægt sé að örva alla þroskaþætti barna sem kveðið er á um í *Aðalnámskrá leikskóla* í þeirri vinnu. Í framhaldi af því verður einnig velt upp hvort það skipti þá máli hverskonar ljóð það eru? Í kafla 2. verður farið í grófum dráttum yfir sögu barnabóka og ljóða fyrir börn á Íslandi. Þá verður fjallað um móðurmálskenntu í leikskólum og hvernig hún getur tengst inn í vinnu með ljóð.

Í kafla 3. er fjallað um hugmyndafræði, en þar verður leitast við að tengja kenningar nokkurra fræðimanna við markmið *Aðalnámskrá leikskóla* í því skyni að sjá hvort hægt sé að nýta þær í vinnu með ljóð. Að sama skapi verður fjölgreindarkenning Gardners skoðuð og hún tengd þroskaþáttum *Aðalnámskrár leikskóla*. Í lokaorðum verður leitast við að svara þeim spurningum sem velt var upp hér að ofan. Ritgerðinni fylgir Handbók fyrir kennara í leikskólum þar sem hugmyndum höfunda að ljóðavinnu í leikskólum er komið á framfæri. Í handbókinni er leitast við að tengja vinnuna við námsvið leikskóla og þroska barna.

2. Hvers vegna ljóð

Flestir læra einhver ljóð á unga aldri, mörg þeirra fylgja manneskjunni allt lífið og gjarnan eru einhverjar minningar bundnar við þau. Með því að nýta þann hafsþjó sem til er af ljóðum í vinnu með börnum má ætla að kennslan verði bæði skemmtileg og fræðandi. Ljóð hafa upp á margt að bjóða í kennslu, ekki síst í leikskólum. Með því að gefa börnum tækifæri til að túlka ljóð í myndlist, tónlist eða hreyfingu öðlast þau þjálfun til að tjá skilning á sinn hátt. Í bókinni *Lyríske strukturer* kemur fram að markmiðið með því að kryfja skáldverk sé að ná fram hinu raunverulega innihaldi textans, skilja hann. Ekki er nauðsynlegt að skilja hvert orð fyrir sig, heldur skilja hugsunina á bak við textann.¹ Skilningur á ljóðum fer eftir reynsluheimi hvers og eins og þar af leiðandi skilja ekki allir þau á sama hátt.

Í flestum leikskólum eru svokallaðar samverustundir fastur liður í dagskránni, en þá safnast börn og kennarar saman innan hverrar deildar. Í þessum stundum er oft sungið, farið með þulur og fleira. Börn eru oft fljót að læra texta og flest hafa þau gaman af þessum stundum. Samt er það svo að margir textar innihalda orð sem þau skilja ekki en syngja eigi að síður af hjartans list. Flestir hafa upplifað það að syngja eða þylja texta sem er þeim óskiljanlegur, þetta eru oft gamlir textar með orðum sem eru lítið eða ekkert notuð í daglegu tali.

Á undanförunum ártugum hefur málfar Íslendinga breyst töluvert og nú er svo komið að mörg orð sem áður voru flestum töm eru nánast fallin í gleymiskunnar dá. Í þessu samhengi má t.d. nefna orðin *reka* og *skjóla*, í þeirra stað hafa orðin *skófla* og *fata* orðið ráðandi. Fram kemur í grein Eiríks Rögnvaldssonar „Málstefnan í nútíð og framtíð“ að breyttar þjóðfélagsaðstæður hafi valdið því að börn læra nú tungumálið frekar hvert af öðru en af fullorðnum og þess vegna hafi mörg gömul orð tapað merkingu í hugum ungs fólks.² Úr þessu má þó auðvitað bæta með því að leggja áherslu á það í leikskólum að tala við ung börn um ljóð, innihald þeirra og margræða merkingu orða og orðatiltækja. Hér á eftir verður fjallað lauslega um sögu barnabóka og ljóða.

¹ Kittang, Atle og Asbjørn Aareseth 2001:13

² Eiríkur Rögnvaldsson 1985:7

2.1. Börn og bækur á Íslandi

Bækur hafa lengi verið ríkur þáttur í menningu Íslendinga. Þó svo að eiginlegar barnabækur hafi ekki verið til á Íslandi áður fyrr kom það ekki í veg fyrir að börn kynntust bókum. Í grein sinni „Kveðskapur frá síðmiðöldum“ segir Vésteinn Ólason bókmenntafræðingur að á þeim tíma hafi verið mikil gróska í kveðskap en þar bar hæst trúarkveðskapur og rímur.³ Fram kemur í sömu grein að rímur munu hafa verið merkilegasta nýjungin í veraldlegum kveðskap síðmiðalda.⁴

Þar segir einnig að á 15. öld hafi stíll rímna og öll meginéinkenni verið fullmótuð og litlar breytingar hafi orðið á þeim alveg fram á 20. öld. Rímur munu fyrst og fremst hafa haft þann tilgang að segja sögur, sem rímnaskáldin bjuggu ekki sjálf til heldur sögðu þau sögu eða söguhluta í bundnu máli, þ.e. rímuðu hana. Innihald þessara rímna voru aðallega fornalda- og riddarasögur, en einnig voru Íslendingasögur vinsælar hjá rímnaskáldum. Rímurnar voru kveðnar til að skemmta fólki, eins og efnisvalið ber vott um, en þær sögur sem nutu alþýðuhylli urðu fyrir valinu hjá rímnaskáldunum.⁵ Upplýsingarmenn vildu breyta þessu og var barnabókin *Sumargjöf handa börnum*, sem eingöngu innihélt þýddar sögur og kom út árið 1795, fyrsta tilraun þeirra í þá átt.⁶

Saga barnabóka er ekki löng á Íslandi. Silja Aðalsteinsdóttir bókmenntafræðingur segir í grein sinni „Íslenskar barnabækur“ að hún telji fyrstu íslensku barnabókina hafa verið *Barnaljóð* eftir séra Vigfús Jónsson sem út kom árið 1780. Loftur Guttormsson er ekki sammála að um barnabók hafi verið að ræða, heldur telur hann þetta hafa verið kristilegar heilræðavísur. *Barnaljóð* samdi séra Vigfús til dóttur sinnar þar sem skáldið hvetur stúlkuna til iðni og frómleika. Ljóð hans minna lítið á barnabækur nútímans, letrið er smátt og engar myndir eru í bókinni. Í kvæðunum kemur fram vinsamleg uppeldisstefna fyrir börn sem mun ekki hafa verið raunin með þær barnabækur á Íslandi sem fylgdu í kjölfarið.⁷

Með kvæðum Bjarna Thorarensen og Jónasar Hallgrímssonar urðu breytingar á íslenskri ljóðagerð sem smá saman festu rætur. Ljóðmálið varð hreinna og tærara og meiri rækt var lögð við ljóðræna þætti tungumálsins. Þetta form þótti liggja nær mæltu máli og ljóðskáldin freistuðu þess að finna sinn eigin stíl. Þetta tímabil í sögu ljóðlistar hefur verið

³ Vésteinn Ólason 1993:285

⁴ Vésteinn Ólason 1993:377

⁵ Vésteinn Ólason 1993:322-323

⁶ Silja Aðalsteinsdóttir 1999:9-11

⁷ Silja Aðalsteinsdóttir 1999:9-10

kennt við rómantik, en aðalyrkisefni ljóðskáldanna á þessum tíma voru ættjarðarljóð sem áttu að minna á land, þjóð og tungu.⁸ Ekki þarf að skoða mörg ljóð Jónasar til að sjá tengingu við landið, þjóðina og tunguna, í þessu samhengi má nefna ljóðin, „Heiðlóarkvæði“ og „Systir mín.“

Einnig kemur fram í grein Silju Aðalsteinsdóttur að flestar íslenskar barnabækur á 19. öld hafi verið þýðingar eða stælingar á erlendum ritum og voru bækurnar frekar siðvandar og leiðinlegar. Undantekning frá þessu munu vera sögur sem Jónas Hallgrímsson stældi eftir H.C. Andersen. Þær birtust í *Fjölni* árið 1847. Jónas skrifaði einnig fyrstu söguna um íslensk börn, *Grasafærð*, en hún fjallar um ferð unglingsbarna á grasafjall og samskipti þeirra. Einnig eru í safni Jónasar um tuttugu ljóð sem hægt er að kalla barnaljóð, t.d. „Sáuð þið hana systur mína“ og „Buxur, vesti, brók og skó“ o.fl.⁹ Þessi ljóð eru gjaldgeng enn í dag og er þeim gjarnan hampað á degi íslenskrar tungu.

Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur segir í ritgerð sinni „Alþýðumenning á Íslandi 1850-1940“ að einn af eftirlætisleikjum barna og fullorðinna á 19. öld hafi verið að kveðast á, en það hvatti börn til að læra ljóðin utan að til að verða gjaldgeng.¹⁰ Einnig segir í ritgerð Sigurðar að á síðasta fjórðung 19. aldar hafi ríkt mikil eftirvænting þegar út kom ný ljóðabók. Verkið gekk á milli bæja og var byrjað á því að lesa hana á kvöldvökum svo allir heyrðu og börnin lærðu þá gjarnan ljóðin utanbókar. Til marks um elsku fólks á ljóðum segir einnig að margir hafi reynt að setja saman kvæði sjálfir.¹¹

Í grein Silju Aðalsteinsdóttur „Ný öld - Önnur Rómantík: Ljóðagerð 1900-1918“ kemur fram að þulur eru gamalt kveðskaparlag sem aðallega var notað til að muna nafnarunur og svæfa börn. Snemma á 20. öldinni reis þetta form aftur til vegs og virðingar þegar skáldkonan Hulda hóf að nýta sér kosti þessa háttar.¹² Síðar hafa komið fram margir höfundar sem hafa samið sérstaklega ljóð fyrir börn. Það var ekki fyrr en þéttbýli tók að myndast í Reykjavík við upphaf 20. aldar að aðstæður sköpuðust fyrir sérstakar barnabækur. Árið 1907 kom út fyrsta frumsamda barnabókin á íslensku, *Bernskan* og ári seinna kom framhald hennar undir sama nafni. Höfundur þessara bóka var Sigurbjörn Sveinsson. Í kjölfarið fylgdu höfundar eins og Jón Sveinsson (Nonni) og fleiri. Það sem þessir höfundar áttu sameiginlegt var að þeir skrifuðu rómantískt um líf barna til sveita á Íslandi í samtímanum. Þessi skrif héldust allt fram til 1970 en þá

⁸ Páll Valsson 1996:343-344

⁹ Silja Aðalsteinsdóttir 1999:11-12

¹⁰ Sigurður G. Magnússon 1993:291

¹¹ Sigurður G. Magnússon 1993:291

¹² Silja Aðalsteinsdóttir 1996:920

breyttist söguefni barnabóka þannig að farið var að segja frá því sem gerist hjá venjulegum börnum í nútímanum, t.d. sögur af börnum á dagheimilum, börnum einstæðra foreldra o.fl.¹³ Hér á eftir verður farið yfir hvernig ljóð geti nýst í móðurmálskennslu barna.

2.2. Móðurmálskennsla í leikskóla

Það er mjög mikilvægt að leggja áherslu á málþroska leikskólabarna vegna þess að tungumálið er mikilvægasta tæki manna til samskipta. Í leikskólum gefast mörg tækifæri til að örva mál t.d. samtöl barna og fullorðinna, með því að spyrja opinna spurninga og með því að lesa og segja sögur. Segja má að móðurmálskennsla fari fram í öllum stundum hins daglega starfs í leikskólum. Þar er líka í flestum tilfellum mikið lesið fyrir börn og þeim gefin tækifæri á að hafa bækur um hönd.

Í grein Ragnheiðar Briem, „Fyrstu skref í móðurmálskennslu ungra barna“ kemur fram að rannsóknir sýni að ef lesið er fyrir börn frá unga aldri gæti það skipt sköpum fyrir málþróun þeirra og námsárangur.¹⁴ Málþroski er einn af þroskaþáttunum og hann örvast helst í mállegum samskiptum í fjölbreyttu starfi og leik. Baldur Ragnarsson kennari segir í bók sinni *Móðurmál* að börnum sé það eðlilegt að lifa sig inn í hlutverk persóna í sögum og kvæðum.¹⁵

Að lesa fyrir börn eykur orðaforða og kennir þeim að hlusta og einbeita sér, í þessu sambandi er einnig gott að kenna börnum þulur og kvæði. Í grein Ernu Árnadóttur „Viltu lesa fyrir mig“ segir eftirfarandi: „Móðurmálið er það dýrmætasta sem við eigum en það þarf að rækta og vökva. Það er verkfæri okkar hvar sem við vinnum.“¹⁶ Til að gera þetta verkfæri sem best úr garði er mikilvægt fyrir kennara að tala við börn og fá þau til að tjá sig um allt á milli himins og jarðar.

Helga Friðfinnsdóttir skólastjóri Hvaleyrarskóla (1990-2006) segir í bók sinni *Markviss málörvun*: Svo læra börnin sem fyrir þeim er haft.¹⁷ Því má segja að ef bækur eru hafðar aðgengilegar fyrir börn og þau venjist því að sjá fullorðna skoða og lesa bækur reglulega er líklegra að þau sæki sjálf í þær. Í máli Ernu Árnadóttur kemur fram að:

¹³ Silja Aðalsteinsdóttir 1999:12-19

¹⁴ Ragnheiður Briem 1996:8

¹⁵ Baldur Ragnarsson 1977:33

¹⁶ Erna Árnadóttir 1995:49

¹⁷ Helga Friðfinnsdóttir ofl. 1999:8

„Barn læri ekki að tala án þess að heyra fólk tala, hlusta á málið, heyra blæbrigðin, tóninn, hreiminn.“¹⁸ Þegar börn fara að hafa vald á málinu ætti að hvetja þau til að leika sér með orðin. Það má gera með því að kasta fram orði, eins og t.d. „hús“ og fá þau til að finna orð sem ríma við það.

Í bókinni *Markviss málörvun* er talað um að börn á aldrinum fimm til sex ára hafi yfirleitt náð tökum á rími og ef svo sé ekki þá er líklegt að eitthvað sé að málþroska þeirra. Það er hægt að þjálfa rím upp á marga vegu eins og að leyfa börnum að bulla, búa til sitt eigið rím eða lesa rímuð ljóð fyrir þau. Runur og úrtalningaþulur eru vinsælar hjá þeim og er talað um að þær kenni börnum að fylgja hljóðfalli, auk þess sem þær þjálfi framburð. Af mörgu er að taka og rím er ekki það eina sem skiptir máli, heldur er einnig nauðsynlegt að börn geti greint setningar og orð, hlustað af athygli og tjáð sig um það efni sem fjallað er um. Talið er að gott sé að vinna með málörvun í leik.¹⁹

Með leikjum er hægt að gera námið skemmtilegra og líflegra. Samræður eru oft miklar í leikjum barna, sem verður til þess að málþroskinn eykst og orðaforði þeirra margfaldast. Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir: „Leikur er hornsteinn leikskólustarfsins og lífstjáning og gleðigjafi barns.“²⁰ Elstu börn í leikskólum ættu að hafa náð vissri færni í málþroska. Ef grunur vaknar um frávík skal kennari gera viðeigandi ráðstafanir.

Hljóm-2 er próf í leikjaformi sem ætlað er að prófa hljóðkerfisvitund elstu barna leikskólans. Í mörgum leikskólum eru þessi próf lögð fyrir börn í því skyni að koma auga á hvort þau séu hljóðvillt. Um það leyti sem vinna með þessi próf hófst var mikil umræða á Íslandi um snemmtæka íhlutun. Prófið byggir á því að finna þau börn sem eru með slaka hljóðkerfisvitund og þjálfa þau með ýmsum ráðum áður en þau fara í grunnskóla. Á þessum aldri ættu flest börn að vera komin með nokkuð gott vald á móðumálinu og vera farin að leika sér með tungumálið á annan hátt en áður. Þessi leikur að hljóðum og orðum er undanfari lestrarnáms. Fjölmargar rannsóknir sýna að hægt er að þjálfa hljóðkerfisvitund barna á leikskólaaldri og ef slíkt er gert gengur börnum betur að læra að lesa síðar.²¹

Námssvið leikskóla eru m.a. hreyfing, myndsköpun, náttúra og umhverfi, menning og samfélag og tónlist. Málþroski er einn af þroskaþáttum barnsins, hann er samofin öðrum þroska og örvast hann helst í miklum mállegum samskiptum, í fjölbreyttu

¹⁸ Erna Árnadóttir 1995:49

¹⁹ Helga Friðfinnsdóttir ofl. 1999:9-10

²⁰ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:11

²¹ Ingibjörg Símonardóttir og fl.. 2002:5-8

starfi og leik. Til að ná að örva þennan þroska sem best er mikilvægt að kennarar séu meðvitaðir um mikilvægi hans. Í öllum námsviðum leikskóla gefast tækifæri til að auka orðaforða barna og eru þau því kjörinn vettvangur til móðurmálskennslu.

Í hreyfingu þar sem vinnu með ljóð er fléttað inn í stundina getur farið fram mikil móðurmálskennsla. Börn læra heiti á líkamshlutum og túlka hugmyndir sínar með allskyns hreyfingu. Söngkvæðið „Höfuð, herðar, hné og tær“ er gott dæmi um hvernig þau geta lært líkamsheitin. Með hreyfistundum í sal eflist hreyfiþroski og líkamsvitund. Einnig stuðla skipulagðir hreyfileikir að auknum tilfinningaþroska og félagsfærni. Þar er hægt að vinna með samskipti barna og kenna þeim tillitssemi og samhjálp, efla sjálfstraust og trú á eigin getu. Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir: „Í hreyfileikjum lærir barn að meta aðstæður. Það lærir að velja, hafna og þora.“²² Í hreyfistund á útileiksvæði eflist líkamsvitund, málþroski og samkennd. Einnig virðing fyrir öðrum, skoðunum þeirra og getu.

Í myndsköpun sem og annarri sköpun fer fram málrækt. Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir að efla beri málþroska barna.²³ Börn eru hvött til að ræða um sköpun sína og hjálpar leikskólakennarinn þeim við að finna orð á hlutina og ræða við þau um hugtök eins og stórt, lítið, framan, aftan, þykkt og mjótt o.s.frv. Eftir því sem færni barna eykst þá örvast vitsmunarþroski þeirra en í *Aðalnámskrá leikskóla* er einmitt kveðið á um að þessi þáttur skuli eflur.²⁴ Til að sköpun geti farið fram þarf að virkja ímyndunaraflíð með því að skapa aðstæður þar sem hægt er að upplifa eitthvað nýtt. Þarna geta ljóðin komið inn þar sem þau geta kallað á aðrar tilfinningar en börn hafa áður upplifað.

Í tónlist fer fram leikur með rím og hljóð en það stuðlar að betri hljóðkerfisvitund og sterkari tengsla milli hljóðkerfisvitundar og málþroska hjá börnum.²⁵ Einnig læra börn að slá taktinn í lögum en hljóðvitund þeirra styrkist við að klappa hrynjanda orða.²⁶ Marga leiki er hægt að fara í þegar unnið er með tónlist eins og t.d. að hreyfa sig eftir hljómfalli en þegar viss tónn kemur eiga allir að frjósa í smá stund. Þessi leikur kennir börnum að hlusta eftir takti og hljómfalli tónlistar. Samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* er leikurinn námsleið barna.²⁷ Þau læra í gegnum leik og þess vegna ætti móðurmálskennsla

²² *Aðalnámskrá Leikskóla* 1999:19

²³ *Aðalnámskrá Leikskóla* 1999:9

²⁴ *Aðalnámskrá Leikskóla* 1999:9

²⁵ Ingibjörg Símonard. og fl. 2002:10

²⁶ Ingibjörg Símonard. og fl. 2002:9

²⁷ *Aðalnámskrá Leikskóla* 1999:11

að vera kennd að einhverju leiti í gegn um leikinn. Í *Aðalnámskrá leikskóla* kemur fram að leggja beri áherslu á að málrækt fari fram í leik.²⁸

Náttúra, umhverfi, menning og samfélag eru einnig námsvið leikskóla. Í gönguferðum um nágrenni leikskólans efla nemendur vitsmunaproska, málþroska og hreyfiproska. Það er gert með því að ræða um liti, hver eigi heima hvar, hvað sé hægt að gera hvar, og hvað fer fram í þeim byggingum sem á vegi verða. Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir: „Í leikskóla ber að fræða börn um náttúruna, umhverfið og verndum þess.“²⁹ Af þessum sökum ættu kennarar að fræða börn um náttúruvernd og hvetja þau til þess að skila umhverfi sínu í jafngóðu ástandi eða betra en þau tóku við því. Mikilvægt er að börn læri að þekkja nánasta umhverfi sitt, hefðir og menningu sem ríkjandi er hverju sinni. Í *Aðalnámskrá leikskóla* kemur fram að efla beri áhuga, vekja eftirtekt og víkka áhugasvið barna með ferðum um nágrennið og heimsóknnum í þjónustu og menningastofnanir.³⁰

Kennarar við skólana eru yfirleitt mjög meðvitaðir um að vera fyrirmynd barna í öllum athöfnum sínum og ekki hvað síst í vönduðu málfari. Æskilegt er að lesa mikið fyrir börn, allt frá því að þau byrja í leikskólanum og þangað til þau byrja í grunnskóla. Flest hafa þau gaman af því að láta lesa fyrir sig og eru samverustundir kjörin vettvangur til þess. Margar aðrar stundir eru það einnig t.d. eftir hópatíma eða þegar nokkur börn safnast saman með kennara á rólegum stað. Til að lestrastundin sé sem ánægjulegust fyrir hlustendur og flytjanda er nauðsynlegt að ró og friður ríki. Þetta á einnig við þegar verið er að segja sögu eða skoða bækur með börnum.

Miklu máli skiptir að gefa börnum tíma til umræðna um söguna og gefa þeim færi á að spyrja um það sem þau skilja ekki, ef eitthvað er. Það er góður vani að útskýra efnið jafnóðum og flutningur fer fram þar sem lítil börn eru fljót að gleyma og spyrja því oft ekki um merkingu orða í sögulok. Tilgangurinn með því að lesa fyrir börn er að þau hafi gaman af, auki orðaforða og málskilning. Þá er ætlunin kenna þeim vandað málfar sem og að virkja ímyndunarafli þeirra. *Aðalnámskrá leikskóla* setur öllum leikskólakennurum ákveðnar reglur til að fara eftir í starfi sínu. Kostirnir við aðalnámskrá eru þeir að þá er minni hætt á að málörvunarþátturinn eða aðrir þættir gleymist í kennslunni. Hér á eftir verður fjallað um hvernig hægt er að örva þroskaþætti þá sem fjallað er um í *Aðalnámskrá leikskóla*, í vinnu með ljóð.

²⁸ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:20

²⁹ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:26

³⁰ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:27-28

2.3. Vinna með ljóð í tengslum við *Aðalnámsskrá leikskóla*

Í vinnu með ljóð er hægt að örva alla þroskaþætti barna sem getið er um í *Aðalnámsskrá leikskóla*. Þetta er gert með því að vinna markvisst á öllum námsviðum leikskóla. Hægt er að æfa börn í að tjá skoðanir sínar, rökræða um verkin sín, bæta við sig nýjum orðum og hafa mikil málleg samskipti í öllum stundum. Hreyfiþroska barna er hægt að efla með gönguferðum og annarri skipulegri hreyfingu. Með því að efla sjálfstraust barna og veita þeim frelsi til að tjá tilfinningar sínar er unnið með tilfinningaþroska.³¹

Vitsmunapróska er örvaður með því að þjálfra athyglisgáfu, búa til lærdómsríkt umhverfi, þroska tjáningu, hugtakaskilning og hlusta á börnin og svara spurningum þeirra. Félagsþroska og félagsvitund eflist með því að beina börnum að hópastarfi og stuðla að góðum samskiptum þeirra í milli og hvetja til samskipta við fólk á öllum aldri. Fagurþroska og sköpunarhæfni er eflt með því að börn njóti margháttaðra reynslu. Hlúð er að siðgæðisþroska og siðgæðisvitund með því að hvetja þau til að sýna umhyggju og umburðarlyndi.³²

Leikskólakennari þarf að vera virkur þátttakandi og meðvitaður um þau áhrif sem hann hefur á vinnu barna og virða frumkvæði þeirra. Hann þarf að vera opin fyrir þeim tækifærum sem gefast til uppgötvunar og upplifunar. Sýna einlægan áhuga á því sem verið er að gera í þeim tilgangi að vekja áhuga og forvitni barna. Kennari þarf að gera áætlanir og setja markmið sem samræmast *Aðalnámsskrá leikskóla* og miða þau við aldur, áhugasvið og getu barna. Hann þarf að vera búin að finna til mögulegar bækur til notkunar við þessa vinnu t.d. orðabók, sögubækur og ljóðabækur.

Hann þarf að vera undir það búin að hugmyndir barna geti leitt hann eitthvað annað en gert var ráð fyrir í byrjun. Einnig er hlutverk kennara að sjá þeim fyrir þeim tíma og efniviði sem telja má að þau þurfi að nota. Hann skal einnig meta starfið reglulega í þeim tilgangi að hægt sé að fylgjast með því að kennslan skili tilætluðum árangri. Mikilvægt er í þessari vinnu að kennari sé duglegur að gera bæði mynda- og skriflegar skráningar. Tilgangurinn er sá gera leikskólastarfið sýnilegt fyrir börn, foreldra/forráðamenn, starfsfólk og aðra þá sem áhuga hafa. Einnig opna skráningar möguleika á frekari vinnu með ljóðin.

Áður en ljóð eru valin eru bækur kynntar fyrir börnum, bæði ljóða og sögubækur. Tilgangurinn er að þau skoði muninn á milli þessara bóka forma. Hvort það sé mikill eða

³¹ *Aðalnámsskrá leikskóla* 1999:9

³² *Aðalnámsskrá leikskóla* 1999:9-10

lítill texti, uppsetning á texta, þ.e. þekur hann alla blaðsíðuna eða aðeins miðjuna, er hægt að sjá á uppsetningunni hvort um ljóð eða sögu er að ræða. Eru myndir í bókunum og geta þau séð hvort myndirnar segi einhverja sögu. Ætla má að með þessu læri börn smá saman að þekkja form á ljóðum og muninn á milli ljóða og sögubóka.

Í bók Valborgar Sigurðardóttir, *Myndsköpun ungra barna* segir að myndsköpun og myndræn tjáning sé dýrmæt náms og þroskaleið sem sé samofin alhliða þroska barnsins.³³ Í mögum ljóðum eru orð sem eru torskilin og þarf að skýra merkingu þeirra út fyrir börnum. Með því að veita þeim tækifæri til að skoða orðin úr samhengi við ljóðið og vinna með þau, öðlast þau nýja reynslu af þeim sem önnur þekking verður síðar byggð á. Gott er að koma af stað umræðu um hvar hægt sé að afla upplýsinga um óþekkt orð og annað sem vekur spurningar barna. Þarna væri tilvalið að ræða um allskyns söfn sem hægt væri að heimsækja.

2.4. Samantekt

Eins og fram hefur komið hér á undan getur vinna með ljóð í leikskólum haft góð áhrif á börn á mörgum sviðum. Með slíkri vinnu gefst þeim tækifæri til að túlka upplifun sína sem aftur styrkir sjálfsmynd þeirra. Túlkun barna er hægt að setja fram með mismunandi hætti, t.d. myndlist, tónlist eða hreyfingu. Ljóðavinna á þó ekki síst við á sviði tungumálsins, helsta tjáskiptatæki mannsins. Til þess að viðhalda tungumálinu er nauðsynlegt að sá í þann akur allt frá unga aldri. Með því að kenna börnum gömul og ný orð í mismunandi samhengi er hægt að auðga málfar og málskilning barna. Til að þessi vinna verði markviss er nauðsynlegt að kennarar hafi góða þekkingu á því efni sem ætlunin er að kenna. Undirstaðan er auðvitað haldgóð íslenskukunnátta, en einnig er nauðsynlegt að kynna sér sögu barnamenningar á Íslandi til þess að öðlast þá innsýn sem telja má nauðsynlega fyrir kennsluna.

Einnig hefur verið farið lauslega yfir sögu íslenskra barnabóka. Þar kemur fram að menning barna var af öðrum toga en tíðkast í dag en hún fólst meðal annars í að hlusta á upplestur á kvöldvökum. Eins og fram hefur komið var ekki mikið um bækur sem sérstaklega voru ætlaðar börnum fyrr en langt er liðið á 19. öldina. Þá hefur verið fjallað um mikilvægi málþroska barna. Til að örva þennan þroska er gott að lesa fyrir börn,

³³ Valborg Sigurðardóttir 1989:17

kenna þeim þulur og ljóð. Bækur þurfa að vera aðgengilegar fyrir börn en það verður til þess að þau hafa möguleika að leita í þær þegar hugur þeirra gírnist. Önnur leið í eflingu málþroskans er að flétta málörvun inn í leik barna en fram kemur hér að ofan að leikur geri námið skemmtilegra.

Að mati höfunda eru ljóð kjörin leið til að efla málþroska ungra barna og er einfalt að flétta vinnu með þau inn í námssvið leikskóla. Það er ekki tilgangurinn að kenna börnum ljóð utanbókar heldur að fá þau til að velta fyrir sér merkingu orðanna í þeim. Einnig að þau geri sér grein fyrir því að hægt er að segja frá atburðum á fleiri en einn veg. Í næsta kafla verður fjallað um kenningar nokkurra hugmyndafræðinga og hvernig þær samrýmast *Aðalnámskrá leikskóla*.

3. Hugmyndafræði í ljósi *Aðalnámskrár*

Í kaflanum hér á undan hefur verið rætt um hvernig ljóð geta nýst til móðurmálskennslu og annarrar vinnu með börnum í leikskólum. Samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* skal rækta alhliða þroska barna í leikskólum, en hann felst m.a. í tilfinningaþroska, líkams- og hreyfiþroska, málþroska, félagsþroska og félagsvitund, vitsmunaðroska, fagurþroska og sköpunarhæfni, siðgæðisþroska og siðgæðisvitund.³⁴

Flestir leikskólar vinna eftir ákveðnum stefnum, þær geta verið margvíslegar og ekki er víst ein stefna henti. Aftur á móti er ekkert í vegi fyrir því að velja það sem hentar viðkomandi leikskóla frá fleiri en einum kennimanni. Hér á eftir eru settar fram hugmyndir nokkra fræðimanna og þær skoðaðar í þeim tilgangi að eygja leiðir til að nýta kenningar þeirra í námi og námsumhverfi ungra barna. Í því skyni verður skoðað hvernig áherslur þeirra samrýmast markmiðum *Aðalnámskrá leikskóla*. Þeir kennimenn sem fjallað verður um eru John Dewey, Loris Malaguzzi, Jean Piaget, Lev Vygotsky og Howard E. Gardner.

3.1. Dewey

John Dewey (1859- 1952) var heimspekingur sem vann mikið brautryðjandastarf á sviði menntamála og heimspeki.³⁵ Í grein sinni „Leikurinn- sjálfstjáníning og sjálfsnám“ segir Valborg Sigurðardóttir að Dewey hafi lagt mikla áherslu á að vekja áhuga og virkja athafnaþrá barnsins, „Learning by doing“ urðu einkunnarorð hans.³⁶ Helstu áherslur í kenningu hans eru að börn fái að læra af reynslu, þ.e. að gefa þeim færi á að gera hlutina sjálf, en vera ekki einungis viðtakendur. Dewey taldi að samfélagið og skólinn þurfi að vinna saman, reynsla barna utan skólans sé mikilvæg og nauðsynlegt að kennarar hafi það í huga þegar nám með börnum er skipulagt. Hann lagði einnig áherslu á að lýðræði ætti að vera ríkjandi innan skólans sem utan. Til að gera börnum kleift að taka þátt í ákvörðunum sem varða þau og þeirra nám er mikilvægt að hafa lýðræði að leiðarljósi.

Grunnhugmyndin í kenningu Deweys er eins og áður segir að börn læri af reynslu sinni, það er á sem jákvæðastan hátt, svo hún nýtist þeim síðar. Þegar börn heyra ný orð

³⁴ *Aðalnámskrá leikskóla*.1999:8-10

³⁵ Dewey, John. 2000:9-12

³⁶ Valborg Sigurðardóttir 1992:57

og fá útskýringar á þeim eykst orðaforði þeirra en með því er hægt að kenna þeim margræða merkingu orða eins og t.d. „á“ sem merkt getur bæði rennandi vatn og sauðkind.

Dewey taldi að hugsun væri tæki til athafna og hugurinn væri verkfæri.³⁷ Þegar börn vinna með ljóð má reikna með að þau velti fyrir sér hvernig vinnan geti farið fram og nota í því samhengi hugann sem verkfæri. Með þessu er verið að örva vitmunapróska þeirra.³⁸ Hann taldi einnig að sérhver athöfn og reynsla sem einstaklingurinn verður fyrir breyti honum.³⁹ Með því að gefa börnum tækifæri á að bæta við reynslu sína stuðla kennarar að breyttri hugsun hjá þeim, um leið og auknum þroska er náð. Tilgangurinn með því að leyfa börnum að upplifa og túlka texta á sinn hátt er einmitt sá að ýta undir hugmyndaflug þeirra.

Dewey kallaði samspil manns við umhverfi reynslu. Góð reynsla leiddi til þess að hún varð frjósöm og skapandi í þeirri reynslu sem síðar kom. Þetta nefndi hann samfellda reynslu.⁴⁰ Ef barn fær tækifæri til að upplifa eitthvað á jákvæðan hátt er líklegt að það byggi aðra upplifun á því síðar. Þess vegna er mikilvægt að kennarar séu vakandi fyrir því hvernig upplifun börn fá af tilteknu verkefni til að geta veitt þeim möguleika á að byggja ofan á fyrri reynslu sína. Því reynir á þá að finna út hvaða þekkingu börn geta bætt við til frekara náms.

Dewey leit á lýðræði sem lífskoðun frekar en stjórnskipan. Lýðræði byggðist á trú á mannkynið og að fólkið hefði hæfileika til að taka skynsamlegar ákvarðanir sem miðast við aðstæður. Hann taldi að lýðræði ætti líka að ríkja innan skólans og leggja bæri áherslu á að örva þá eiginleika sem stuðla að lýðræðislegu samfélagi.⁴¹ Í *Sáttmála sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins* segir m.a. að börn hafa rétt á að taka þátt og nýta sér upplýsingar, tjá álit sitt og að það sé tekið mark á þeim í málum og aðgerðum sem beinast gegn þeim og fjalla um þau.⁴² Telja má að það ýti undir lýðræðisleg vinnubrögð í leikskólum og er stefnt að því í vinnu með ljóð.

Líklegt er að börn finni sig örugg í þeim aðstæðum sem eru kunnar og smá saman er hægt að leiða þau áfram og bæta einhverju óþekktu inn í umhverfið. Dewey lagði mikla áherslu á að það námsefni sem notað væri með börnum væri efniviður sem í byrjun

³⁷ Myhre, Reidar 2004:172

³⁸ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:9

³⁹ Dewey, John. 2000:45

⁴⁰ Myhre, Reidar 2004:173

⁴¹ Dewey, John. 2000:44-45

⁴² *Lög nr. 18/1992, 12 og 13 gr*

lægi innan venjulegrar lífsreynslu þeirra. Það sé ein forsenda þess að vel takist til við kennsluna.⁴³ Þegar unnið er með ljóð í leikskólum má því ætla að það skipti miklu máli að þau ljóð sem verða fyrir valinu falli að reynsluheimi barna til að þau geti byggt námið á sinni reynslu. Þá taldi hann að kennarinn yrði stöðugt að skoða það sem áunnist hefur og nota það til að gera nýjar kröfur til barna og láta órofið samhengi í þroska þeirra vera kjörorð sitt.⁴⁴

Nám þarf að bjóða upp á hvetjandi verkefni, kennarar þurfa að vera vakandi fyrir þeim möguleikum sem skólastofan og nánasta umhverfi leikskólans bjóða upp á. Þeir þurfa að kynna sér vel staðhætti og umhverfi skólans til að vera betur í stakk búnir til að miðla þekkingu um það til barna. Vettvangsferðir um næsta nágrenni leikskólans eru mikilvægar fyrir þroska þeirra. Markmiðin með þessum ferðum ættu að vera að kynna börnum sitt nánasta umhverfi. Dewey taldi að umhverfið væri mikilvægt í námi barna og það væri á ábyrgð kennarans að gera það þannig úr garði að það virkaði hvetjandi fyrir þroska þeirra.⁴⁵ Með því að vera vel undirbúinn geta kennarar sett námið fram á hvetjandi hátt svo það stuðli að þroska barna.

Eins og fram hefur komið þá lagði Dewey áherslu á að börn læri af því að framkvæma og geti tengt reynslu sína við það sem þau eru að gera. Einnig lagði hann áherslu á að sá efniviður sem börn ynnu með væri eitthvað sem þau þekktu og hefðu einhverja reynslu af. Hann taldi að reynsla barna utan skólans væri mikilvæg og taka bæri tillit til hennar við kennslu. Einnig vildi hann að lýðræði barna væri virt innan skólans. Hér eftir verður fjallað um kenningar Piaget.

3.2. Piaget

Jean Piaget (1896-1980) var líffræðingur en stundaði einnig nám í sálfræði og heimspeki. Helstu áherslur í kenningu hans eru að rekja megi þroska barna til samspils þeirra við fólk og umhverfi. Barnið sé rannsakandi, knúið áfram af forvitni og það læri í gegn um eigin reynslu.⁴⁶ Piaget fannst vanta meiri vitneskju um börn, t.d. hvernig þau afla sér þekkingar og nýta hana síðan. Hann taldi að börn hefðu upplagið og að reynslan skipti

⁴³ Dewey, John. 2000:83

⁴⁴ Dewey, John. 2000:85

⁴⁵ *Rit um uppeldisstefnur* 1994:7

⁴⁶ *Rit um uppeldisstefnur* 1994:40

líka máli.⁴⁷ Þetta samræmist skoðunum Dewey sem taldi reynsluna mikilvæga eins og fram kemur hér á undan.

Piaget notaði nokkur hugtök til að lýsa námi en þau voru, *skema*, *aðlögun*, *samlögun* og *aðhæfing*. Hugtakið *skema* er að dómi Piaget innbyggðar formgerðir þar sem saman safnast sú reynsla sem barnið verður fyrir. *Aðlögun* skipti hann upp í *samlögun* og *aðhæfingu*. Þegar börn skynja eitthvað sem þau skilja *samlagast* það *skemanu* sem fyrir er. *Aðhæfing* er þegar börn verða fyrir nýrri reynslu sem passar ekki inn í *skemu* sem þau hafa fyrir og bæta þessari nýju reynslu inn í *skemað* og breyta því.⁴⁸

Hann hélt því fram að börn þroskist í samspili við umhverfi sitt og taldi mikilvægt að börn gætu prófað sig áfram þar sem þau öðlast þekkingu í gegnum eigin virkni og persónulega reynslu.⁴⁹ Samkvæmt honum læra börn best með því að prófa sig áfram og miða við fyrri reynslu. Það má því segja að hann leggi áherslu á að reynsla þurfi að vera fyrir hendi til að börn nái að samlaga nýja þekkingu þeirri eldri. Þessi kenning samrýmist því sem fram kemur í *Aðalnámskrá leikskóla*, en þar segir að ekki sé um beina kennslu að ræða heldur skuli börn fá að prófa sig áfram.⁵⁰ Ætla má að ef börn þurfa að taka sjálfstæðar ákvarðanir um hvað þau vilja gera og hvernig, eflist tilfinninga- og fagurþroski þeirra sem og sköpunarhæfni.⁵¹

Piaget taldi að börn yngri en sjö ára hefðu ekki vald á rökræðu og það sé ekki fyrr en á þeim aldri sem reglur fari að hafa vægi í leikjum þeirra.⁵² Höfundar þessarar ritgerðar eru ekki sammála þessu og telja að yngri börn hafi mörg hver öðlast færni í rökræðu og regluleikjum mun fyrr en Piaget taldi. Í túlkun sinni á ljóðum þurfa börn að setja fram sínar hugsanir og skýra þær fyrir öðrum. Gera má ráð fyrir að þau þurfi að rökstyðja skoðanir sínar og telja má að það efli vitsmunaproska þeirra.

Piaget gekk út frá stigskiptingu í þroska eins og fram kemur hér að ofan. Hann lagði áherslu á að börn þroskist í samspili við umhverfi sitt og taldi mikilvægt að þau hefðu möguleika á að prófa sig áfram. Líkt og Dewey lagði hann áherslu á að reynsla skipti máli í námi barna. Um kenningar [Loris Malaguzzi](#) verður fjallað hér á eftir.

⁴⁷ Boeree, C. George

⁴⁸ Myhre, Reidar 2004:275-276

⁴⁹ *Rit um uppeldisstefnur* 1994:40

⁵⁰ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:8

⁵¹ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:9-10

⁵² *Uppeldisáætlun fyrir leikskóla* 1993:21

3.3. Malaguzzi

Loris Malaguzzi (1920- 1994) var ítalskur sálfræðingur og kennari sem starfaði í borginni Reggio Emilia á Norður – Ítalíu.⁵³ Helstu áherslur í stefnu hans eru skapandi hugsun og starf. Hann taldi að hjálpa ætti barninu til að skilja samhengi þess sem það sér með eigin augum og opna leiðina til þekkingar þannig að það væri eins og ævintýri.⁵⁴ Börnum er kennt að skoða hlutina og sjá frá öllum hliðum, þekking sem byggð er á reynslu barna er veganesti þeirra í lífinu. Eins og fram kemur hér að ofan leggja Dewey og Piaget einnig áherslu á reynslu barna.

Malaguzzi gagnrýndi vestræna menningu og skóla og taldi að þeir legðu ekki næga áherslu á tilfinningar barna en upphefðu á hinn bóginn rökhyggju og talað mál.⁵⁵ Í vinnu með ljóð þarf að gefa börnum svigrúm til frjálsar sköpunar á upplifunum og tilfinningum. Með því er hægt að örva fagurþroska, sköpunargleði, líkams- og hreyfiþroska, en einnig er tilfinningaþroskinn eflur með því að veita börnum frelsi til að tjá tilfinningar sínar.⁵⁶ Malaguzzi benti á að talað mál væri takmörkunum háð og taldi að nauðsynlegt væri að þekkja orðin, ef við gætum ekki tengt þau við eigin reynslu væru þau merkingarlaus.⁵⁷ Þegar um móðurmálskennslu er að ræða og börn heyra ný orð og fá útskýringar á þeim eykst orðaforði þeirra. Því má segja að mikilvægi þess að skýra margræða merkingu orða fyrir börnum sé mikil til að þau nái að tengja við fyrri reynslu.

Að mati Malaguzzi er menntun samfélagslegt ferli þar sem börn og kennarar gera sameiginlegar uppgötvanir, sem síðan kalla eftir tilgátum og umræðum.⁵⁸ Þegar börn uppgötva eitthvað þurfa kennarar að vera tilbúnir til að taka þátt í að vinna með hugmyndir þeirra. Telja má að málþroski örvist mikið í umræðum og að sama skapi æfi börn félagsþroska og samskiptahæfni sína í samskiptum við annað fólk.⁵⁹

Í leikskólum sem starfa eftir kenningum Malaguzzi er litið á umhverfið sem þriðja kennarann.⁶⁰ Til að umhverfið virki þannig er hægt að notast við vettvangsferðir, en þar gefast mörg tækifæri til að ræða við börnin um það sem fyrir augu ber. Mikilvægt er að börnin læri að þekkja nánasta umhverfi sitt, hefðir og menningu sem ríkjandi er hverju sinni. Góð leið til þess er að efla áhuga, vekja eftirtekt og víkka áhugasvið þeirra

⁵³ Guðrún Alda Harðardóttir 2001:9

⁵⁴ *Börn hafa hundrað mál* 1988:19

⁵⁵ Guðrún Alda Harðardóttir 2001:17

⁵⁶ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:9-10

⁵⁷ *Börn hafa hundrað mál* 1988:71

⁵⁸ Guðrún Alda Harðardóttir 2001:17

⁵⁹ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:9

⁶⁰ Guðrún Alda Harðardóttir 2001:17

með ferðum um nágrennið. Ætla má að til þess að börn þroskist sem best sé mikilvægt að umhverfið sé örvasandi, jafnt innandyra sem utan, og er það oft á færi kennara að stuðla að því. Einnig er hægt að kynna fyrir börnum mismunandi bækur og mismunandi innihald þeirra og fá þau til tala saman um það sem þau sjá og heyra.

Þegar unnið er í anda Malaguzzi er litið á nám og þekkingu sem heild, þannig að allt tengist og vinni hvert með öðru. Skólanum er ætlað að skapa samfélag sem hefur not af virkni barna, samfélag sem nýtir hugrekki þeirra, gleði, jákvæðni, orku og leið þeirra til frásagna.⁶¹ Til að þetta náist þarf að gefa börnum tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum og áætlanagerð. Taka skal tillit til óska þeirra og álits og á þau skal hlustað. Samkvæmt lögum um leikskóla skal meginmarkmið vera m.a. „[...] að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun.“⁶² Með því að gefa börnum tækifæri á að tjá sig og hvetja þau til að hlusta, er verið að efla lýðræðisvitund og málþroska þeirra.⁶³

Samkvæmt Malaguzzi er litið á menntun sem rannsókn. Börn nálgast viðfangsefnið á fjölbreyttan hátt, nota fjölbreyttan efnivið og tækni í nálgun sinni, það er að segja það notar rannsóknaraðferðir í uppgötvun sinni og námi. Börn setja fram tilgátur og vinna síðan að því að túlka þær og komast að niðurstöðum.⁶⁴ Með því að vinna með ljóðin í öllum námsviðum leikskóla fá börn tækifæri til að túlka eigin sýn á ljóðið. Þau vinna úr túlkun sinni og komast að niðurstöðu.

Eitt af hlutverkum kennara sem starfa eftir kenningum Malaguzzi er að stuðla að því að börn geti leyst verkefni án þess að hinn fullorðni sé nálægur.⁶⁵ Þess vegna er mikilvægt að láta börn finna að kennarinn treysti þeim til að leysa verkefni án afskipta. Malaguzzi vildi sameina vísindi, listir, hugmyndaflug, líkama og sál. Hann taldi að eðli heilans væri að rannsaka og fráleitt að hægt væri að „taka afrit“ af þekkingu, öll raunveruleg þekking krefjist „aha upplifunar“ og hún sé persónuleg og nám án þess sé nám án áhuga.⁶⁶ „Aha upplifun“ getur t.d. verið þegar börn uppgötva að þau geta búið til

⁶¹ Guðrún Alda Harðardóttir 2001:23-24

⁶² Lög nr. 78/1994, 2 gr.

⁶³ Aðalnámskrá leikskóla 1999:9

⁶⁴ Guðrún Alda Harðardóttir 2001:24

⁶⁵ Guðrún Alda Harðardóttir 2001:25

⁶⁶ Guðrún Alda Harðardóttir 2001: 28-29

appelsínugulan lit úr gulum og rauðum lit. Í myndsköpun er fagurþroski efldur með því að börnum eru gefin tækifæri á að gera tilraunir með liti.⁶⁷

Malaguzzi taldi menntun vera rannsókn þar sem börn fá margs konar möguleika á að uppgötva og læra. Hann lagði einnig áherslu á að reynsla barna sé mikilvæg líkt og Dewey og Piaget gerðu. Að sama skapi taldi Malaguzzi umhverfið mikilvægan þátt í námi barna en það fellur vel að kenningum Dewey. Hér á eftir verður fjallað um kenningar Lev Vygotsky.

3.4. Vygotsky

Lev Vygotsky (1896-1934) var rússneskur sálfræðingur.⁶⁸ Hann leitaðist við að útskýra að félagslegt og menningarlegt umhverfi móti börn, þroski, þekking og hæfni miðist við leiðsögn, stuðning og gerð samfélagsins.⁶⁹ Hann lagði áherslu á svæði mögulegs þroska, þ.e. verkefni eru sett upp á svæði hins mögulega þroska.⁷⁰ Með þessu er átt við að börn fái verkefni sem liggja aðeins fyrir ofan getu þeirra til að þau nái að þroskast frekar. Þeir sem vinna með börnum verða að fara varlega í að úthluta verkefnum, þeir þurfa að gera sér grein fyrir getu þeirra og varast að ætla þeim um of.

Samkvæmt kenningum Vygotsky leita börn í að leika þau hlutverk sem þau þekkja.⁷¹ Þegar vinna á með ljóð þarf að hvetja börn til að túlka þau og góð leið til þess er að flétta innihaldi þeirra inn í hlutverkaleik. Í þeim tilfellum má þá gera ráð fyrir að þau sækji í þau hlutverk sem liggja að reynsluheimi þeirra. Kennari verður smá saman að gera börnum ljóst að hann treysti þeim til að leysa verkefni á eigin spýtur.

Á leikskólaaldri eflist málþroskinn hjá börnum mikið. Flest þeirra eru áhugasöm og er því mikilvægt að styðja vel við þennan þroska með mállegri örvun. Hugtakaskilningur barna er í örri þróun og er það kennara að vekja athygli þeirra á hinum ýmsu hugtökum í daglegu lífi. Rím er mikilvægur þáttur í málþroska, þar sem það örvar ímyndunarafl og vitund barna fyrir fleiri orðum með sama formi. Vygotsky gerði tungumálinu hátt undir höfði og taldi að allir þyrftu að eiga eitt móðurmál, önnur tungumál yrðu að vera í öðru sæti vegna þess að við notum móðurmálið til að hugsa og

⁶⁷ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:10

⁶⁸ Eggen, Paul og Don Kauchak 2004:55

⁶⁹ Bee, Helen og Denise Boyd 2003:162

⁷⁰ Bee, Helen og Denise Boyd 2003:17

⁷¹ Dockett, Sue og Marilyn Fleer 2000:64

skilja hugtök hins talaða máls.⁷² Mikilvægt má telja að börn hafi góða þekkingu á þeim orðum sem notuð eru í daglegu tali. Með tilliti til þess ættu kennarar að leggja mikla áherslu á að skýra út fyrir þeim börnum sem eru af erlendu bergi brotin sem og öðrum, margræða þýðingu orða til að þau geti samlagað sína reynslu við þýðingu þeirra.

Vygotsky lagði áherslu á svæði mögulegs þroska, þ.e. verkefni sem börnum er boðið upp á séu aðeins fyrir ofan getu þeirra. Hann gerði einnig tungumálinu hátt undir höfði og samrýmist það kenningum Malaguzzi sem sagði að ef börn þekki ekki orðin þá geti þau ekki tengt þau við eigin reynslu. Að lokum verður fjallað um fjölgreindir Gardner.

3.5. Gardner

Howard E. Gardner er prófessor í sálar- og menntunarfræðum við Harvard-háskóla og prófessor í taugafræði við Boston-háskóla.⁷³ Hann vill meina að vestræn menning skilgreini greindir of þröngt. Árið 1983 kom hann fram með hugmyndir sínar um að greindir væru að minnsta kosti sjö, seinna bætti hann þeirri áttundu við og setti fram þá hugmynd að greindir væru mögulega níu. Lykilatriði í fjölgreindarkenningunni er um það hvernig hugurinn starfar og að hver og einn hafi færni í öllum greindum. Hugmynd Gardners er sú að greind snúist um hæfileika til að leysa þrautir og hanna afurðir í góðu samhengi og samspili við umhverfið. Nánast allir búi yfir hæfni til að þróa allar greindir sínar, en til þess þarf örvun, eflingu og leiðsögn við hæfi. Gardner telur jafnframt að greindir starfi alltaf saman.⁷⁴ Með kenningum sínum um margar greindir víkkaði hann sýnina á mannlega hæfileika.⁷⁵

Greindir hans er hægt að tengja við þroskaþætti barna en þær eru eftirtaldar: *Málgreind*, hæfileiki til að koma vel frá sér orðum, skriflega og munnlega.⁷⁶ Þessi greind tengist án efa málþroska barna.⁷⁷ Þó ung börn séu almennt ekki komin með mikinn hæfileika í þá veru að hafa mikil áhrif í ræðu og riti má segja að leikskólinn sé sá staður sem mikill undirbúningur fer fram. *Tónlistargreind*, hæfileiki til að meta, skynja, skapa

⁷² Eggen, Paul og Don Kauchak 2004:57

⁷³ Gunnar Hersveinn 2001

⁷⁴ Armstrong, Thomas 2000:20-21

⁷⁵ Armstrong, Thomas 2000:13-14

⁷⁶ Armstrong, Thomas 2000:14

⁷⁷ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:9

og tjá mismunandi tegund tónlistar.⁷⁸ Þessa greind má tengja við fagurþroska og sköpunarhæfni.⁷⁹ Þar sem hún stuðlar að því að börn njóti margháttaðrar reynslu og sköpunar.

Líkams- og hreyfigreind eru færni í að nota líkamann til að tjá tilfinningar og hugmyndir.⁸⁰ Þessi greind tengist beint við líkams- og hreyfiþroska barna.⁸¹ Þar sem börn nota allan líkaman við túlkun. *Umhverfisgreind* er leikni í að flokka og þekkja tegundir úr jurta- og dýraríkinu.⁸² Fagurþroski og sköpunargleði tengjast þessari greind en þar er stefnt að því að efla áhuga barna á náttúru og umhverfi, fram kemur í *Aðalnámskrá leikskóla* að fræða beri börn um náttúru og umhverfi.⁸³ Einnig má líklega tengja þessa greind við siðgæðisþroska og siðgæðisvitund.⁸⁴ Þar sem áhersla er lögð á að kenna börnum að sýna málleysingjum hjálpsemi og sýna ábyrgðarkennd í umgengni við þau.

Rök- og stærðfræðigreind er hæfileiki til að hugsa rökrétt og nota tölur á árangursríkan hátt.⁸⁵ Þarna má líka telja að málþroskinn komi inn að einhverju leiti en börn eru farin að æfa sig í að færa rök fyrir máli sínu, einnig er leikur með tölur talsverður í leikskólum. Greindin kemur líka inn á vitsmunarþroskann en með því að efla hann er verið að vinna með hugtakaskilning barna og tengist það stærðfræði.⁸⁶

Rýmisgreind er hæfni til að skynja vel hið rúmfræðilega, sjónræna umhverfi og umskapa þessa skynjun.⁸⁷ Fagurþroski og sköpunargleði styðja við þessa greind.⁸⁸ Börn skapa mikið og þurfa oft að taka tillit til rýmis þó það sé kannski ekki gert nákvæmlega.

Samskiptagreind er hæfileiki til að greina og skilja skap og fyrirætlanir annarrar manneskju.⁸⁹ Það má segja að þessi greind tengist félagsþroska og félagsvitund barna en stuðli að traustum samskiptum og virðingu við annað fólk.⁹⁰ Að hvetja börn til að virða skoðanir annarra er líka partur af því að efla þennan þroska. *Sjálfsþekkingargreind* er að gera sér grein fyrir eigin styrk og hæfni til að starfa og lifa á grunni þeirrar þekkingar.⁹¹

⁷⁸ Armstrong, Thomas 2000:14

⁷⁹ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:10

⁸⁰ Armstrong, Thomas 2000:14

⁸¹ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:9

⁸² Armstrong, Thomas 2000:15

⁸³ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:26

⁸⁴ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:10

⁸⁵ Armstrong, Thomas 2000:14

⁸⁶ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:9

⁸⁷ Armstrong, Thomas 2000:14

⁸⁸ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:10

⁸⁹ Armstrong, Thomas 2000:14

⁹⁰ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:9-10

⁹¹ Armstrong, Thomas 2000:15

Þetta getur átt við tilfinningaþroska þar sem reynt er að efla virðingu barna fyrir sjálfu sér og auka sjálfstraust þeirra.⁹²

Kenning Gardners gerir ráð fyrir því að það sé persónubundið hvernig hver og einn lærir. Einstaklingar læra á misjafnan hátt og líklegt má telja að það stjórnist af því hvaða greind er sterkust hjá hverjum og einum. Telja má að námssvið leikskóla nái yfir allar þessar greindir og þegar vinnu með ljóð er fléttað inn í námsviðin ættu kennarar að ná að virkja styrkleika hvers og eins. Sú greind sem Gardner telur vera mögulega níundu greindina er, *tilvistargreind* sem er hæfileiki í að staðsetja sig með endimörk alheimsins í huga.⁹³ Sjálfsvitund er okkur mjög mikilvæg og til að börnin læri að þekkja uppruna sinn þarf að hjálpa þeim að svara spurningum um fortíð sína.

Samkvæmt Gardner eru þrjú meginatriði sem ráða því hvort greindir geti þróast. Í fyrsta lagi líffræðileg hæfni sem felur í sér erfðafræðilega eða arfgenga þætti. Í öðru lagi menningarlegur og sögulegur bakgrunnur, þ.e. hvar og hvenær einstaklingur fæðist og er alinn upp. Í þriðja lagi einstaklingsbundin lífssaga sem felur í sér reynslu tengda öðru fólki sem ýmist veikja eða koma í veg fyrir þróun greinda.⁹⁴ Mikilvægt er fyrir kennara að átta sig á að börn læra á misjafnan hátt og reyna því að höfða til áhuga barna á sem flestum sviðum, en það er frumskilyrði þess að börn verði virkir þátttakendur.

Lykilatriði í kenningu Gardner er að hver og einn hafi færni í öllum greindum og hægt sé að örva þær með leiðsögn við hæfi hvers og eins. Hann telur að greind sé hæfileiki sem börn hafa til að leysa þrautir en það eigi að gera í samhengi og samspili við umhverfið. Eins og fram kemur hér að ofan lögðu Malaguzzi og Dewey einnig áherslu á mikilvægi umhverfisins í þroska barna. Gardner er ólíkur hinum fræðimönnum sem fjallað hefur verið um að því leiti að hann leggur áherslu á greindir barna en hinir á þroska þeirra. Hér á eftir verður umfjöllun um hvernig kenningarnar hér að ofan geta nýst í vinnu með ljóð.

⁹² *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:9

⁹³ Armstrong, Thomas 2000:139

⁹⁴ Armstrong, Thomas 2000:29

3.6. Fræðin i verki - handbók kennara

Í handbók kennara sem í ritgerðinni er merkt sem fylgiskjal A eru hugmyndir okkar höfunda að vinnu með ljóð í leikskólum. Við gerð handbókarinnar var stuðst við kenningar þeirra hugmyndafræðinga sem rætt hefur verið um í köflunum á undan. Markmiðið með handbókinni er að benda á leiðir til að vinna með ljóð samkvæmt öllum námssviðum leikskóla en þau gefa möguleika á að efla alhliða þroska barna sem getið er um í *Aðalnámskrá leikskóla*. Það er einnig markmið með verkefnunum að gefa börnum tækifæri á því að tjá tilfinningar sínar á innihaldi ljóða.

Í verkefnavinnunni eru börnin hvött til að tjá skoðanir sínar, rökræða verk sín, bæta við sig nýjum orðum og hafa mikil málleg samskipti í öllum stundunum. Með því að halda að börnum nýjum og óþekktum orðum má telja að orðaforði þeirra muni aukast. Börnin læra ný orð sem þau aðlaga að fyrri þekkingu líkt og Piaget kvað á um. Þótt að þau skilji ekki öll orðin þá ættu þau að geta lært merkingu þeirra með aðstoð hinna barnanna og kennara. Þessi aðferð samræmist einnig kenningum Vygotsky um svæði hins mögulega þroska.

Í handbókinni hafa verið sett upp ákveðin verkefni, en ætlunin er að þegar börn hafa þjálfast í vinnu með ljóð verði þeim gefin tækifæri á að hafa áhrif á nám sitt. Malaguzzi lagði mikla áherslu á að menntun væri persónuleg reynsla en í verkefnum í handbókinni fá börnin að skapa á eigin forsendum og samræmist það kenningum hans. Þessi aðferð samræmist einnig hugmyndum Dewey sem vildi að börn lærðu með því að gera sjálf. Í verkefnavinnunni þarf einnig að taka tillit til fjölgreindakenningarinnar með því að gefa börnum tækifæri á að nálgast verkefnin með þeirri greind sem þau eru sterk í. Börn hafa misjafna hæfileika, allir eru góðir í einhverju og mikilvægt er að styrkja sjálfsmýnd barna með því að vinna með styrk þeirra.

3.7. Samantekt

Hér á undan hafa kenningar nokkra fræðimanna verið skoðaðar með tilliti til *Aðalnámskrár leikskóla*. Að mörgu leiti telja höfundar ritgerðarinnar að þær falli vel að markmiðum hennar, en þessir fræðimenn leggja flestir áherslu á að börn tengi nám sitt við eigin reynsluheim. Flestir leggja þeir einnig áherslu á mikilvægi umhverfisins í námi barna og samræmist það því sem fram kemur í *Aðalnámskrá leikskóla*. Í henni er líka kveðið á um jafnrétti til handa öllum börnum og er það áberandi í kenningum Dewey og Malaguzzi. Sýnt hefur verið fram á að ef unnið er eftir kenningum hugmyndafræðinganna er hægt að efla flesta þroskaþætti barna sem talað er um í *Aðalnámskrá leikskóla*. Málþroska er gert hátt undir höfði og samrýmist það markmiðum handbókar.

Með því að tengja greindakeninguna við þroskaþætti barna sem rætt er um í *Aðalnámskrá leikskóla* reyndist okkur höfundum auðveldara að átta okkur á því hvernig hægt er að vinna með hana. Að mati okkar höfunda standa Dewey og Malaguzzi upp úr þegar kemur að því að efla þroskaþætti barna. Vygotsky og Piaget styðja hugmyndir þeirra en fjalla í minna mæli beint um þroska barna nema á afmörkuðum sviðum.

4. Lokaorð

Í þessari ritgerð var farið lauslega yfir sögu íslenskra barnabóka. Í henni kemur fram að menning barna fyrr á árum var af öðrum toga en tíðkast í dag. Börn lærðu ljóð utanbókar í þeim tilgangi meðal annars að vera gjaldgeng í leiknum „komdu nú að kveðast á.“ Einnig kemur fram að ekki hafi verið mikið um bækur sem sérstaklega voru ætlaðar börnum fyrr en langt var liðið á 19 öldina. Ljóst má vera að mörg tækifæri gefast í leikskólum til að örva málþroska barna. Góð leið til þess er að gefa börnum frjálstan aðgang að bókum, lesa fyrir þau og kenna þeim þulur og ljóð.

Kenningar hugmyndafræðinganna Dewey, Malaguzzi, Vygotsky, Piaget og Gardners hafa verið viðraðar í ljósi *Aðalnámskrár leikskóla*. Dewey og Malaguzzi standa upp úr að mati höfunda þegar kemur að eflingu þroskaþátta barna, en þeir lögðu mikið upp úr því að börn séu virkir þátttakendur í námi sínu. Þeir gerðu einnig málrækt hátt undir höfði og að sama skapi er lýðræði og umhverfi haft að leiðarljósi í kenningum þeirra. Kenningar Vygotsky og Piaget styðja hugmyndir þeirra. Að mati höfunda þessarar ritgerðar er hægt að efla flesta þroskaþætti barna sem talað er um í *Aðalnámskrá leikskóla* þegar stuðst er við hugmyndafræðina.

Leitast hefur verið við að svara þeim spurningarnar sem lagt var upp með í byrjun, en þær eru: Er hægt að örva alla þroskaþætti barna sem kveðið er á um í *Aðalnámskrá leikskóla*, í vinnu með ljóð? Að mati höfunda gefa ljóð möguleika á margskonar vinnu og útfærslu á henni. Þau eru kjörin leið til að efla alla þroskaþætti barna, þar sem auðvelt virðist að flétta ljóðum inn í námssvið leikskóla og má því svara spurningunni játandi. Þegar svara á spurningunni hvort það skipti máli hverskonar ljóð það eru? Þá er það skoðun höfunda að öll ljóð séu gjaldgeng, svo framalega sem börn geti tengt þau við reynsluheim sinn. Kenningar hugmyndafræðinganna sem fjallað var um hér að ofan telja reynslu barna skipta miklu máli í námi þeirra og styður það skoðanir höfunda.

Í handbók sem fylgir ritgerðinni er sett fram vinna með þrjú ljóð. Þar sem fram kemur að öllum þroskaþáttum barna sem getið er um í *Aðalnámskrá leikskóla* er hægt að sinna og að vinnan geti farið fram í öllum námsviðum leikskóla. Við gerð handbókar kom það höfundum á óvart hversu mörgum þáttum þurfti að huga að þegar sett eru upp verkefni fyrir börn. Það er von höfunda að handbókin geti nýst þeim leikskólakennurum sem hug hafa á að vinna með ljóð.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá Leikskóla*. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- Armstrong, Thomas. 2001. *Fjölgreindir í skólastofunni*. 2. útgáfa. Þýðandi Erla Kristjánsdóttir. Reykjavík, JPV Útgáfa.
- Baldur Ragnarsson. 1977. *Móðurmál, leiðarvísir handa kennurum og kennaraefnum*. Reykjavík, Iðunn.
- Boeree, C. George. 1999. *Jean Piaget. 1896-1980*. Vefslóð:
<http://webspace.ship.edu/cgboer/piaget.html> (Sótt 4. mars 2007).
- Börn hafa hundrað mál*. 1988. Gefið út í tilefni sýningarinnar á Kjarvalsstöðum. Þýðandi Aaðlsteinn Davíðsson. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- Dewey, John. 2000. *Reynsla og menntun*. Þýð. Gunnar Ragnarson. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Dockett, Sue og Marilyn Fleer. 2000. *Play and Pedagogy in Early Childhood*. Sydney, Harcourt Brace.
- Edggen, Paul og Don Kauchak. 2004. *Educational Psychology. Windows on Classrooms*. New Jersey, Upper Saddle River.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1985. Málstefnan í nútíð og framtíð. *Skíma* 8,1:7-10
- Erna Árnadóttir. 1995. Viltu lesa fyrir mig. *Skíma*, 18,1:48-49.
- Guðrún Alda Harðardóttir. 2001. *Í leikskóla lífsins*. Akureyri, Textasmiðjan.
- Gunnar Hersveinn. 2001. Margþættar námsgáfur skólabarna. Gagnasafn *Morgunblaðsins*. Vefslóð:
http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=584771 (Sótt 23.04. 2007).
- Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir. 1999. *Markviss málörvun*. (2. útg). Reykjavík, Námsgagnastofnun.
- Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir. 2002. *Hljóm-2: Handbók*. Reykjavík.
- Kittang, Atle og Asbjørn Aareseth. 2001. *Lyriske strukturer : innføring i diktanalyse*. Oslo, Universitetsforlaget, .
- Lög um leikskóla nr. 78/1994*.
- Myhre, Reidar. 2001. *Stefnur og straumar í uppeldissögu*. Þýð. Bjarni Bjarnason. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

- Páll Valsson. 1996. Tími þjóðskáldanna. *Íslensk bókmenntasaga* III. (Ritstjóri Halldór Guðmundsson), bls. 343-406. Reykjavík, Mál og menning.
- Ragnheiður Briem. 1996. Fyrstu skref í móðurmálskenndu ungra barna. *Skíma*, 19,2:8-10.
- Rit um uppeldisstefnur*. 1994. Nemendur framhaldsdeild Fósturskóla Íslands veturinn 1993-1994. Reykjavík, Framhaldsdeild Fósturskóla Íslands.
- Siðareglur kennara*. 2002. [Reykjavík], Kennarasambands Íslands. Vefslóð: <http://ki.is/Pages/492> (Sótt 05.04. 2007).
- Sigurður G. Magnússon. 1993. Alþýðumenning á Íslandi 1850-1940. *Íslensk þjóðfélagspróun 1880-1990*. (Ritstjórar Guðmundur Hálfánarson og Svanur Kristjánsson), bls. 265-320. Reykjavík, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Silja Aðalsteinsdóttir. 1996. Ný öld - Önnur Rómantík: Ljóðagerð 1900-1918. *Íslensk bókmenntasaga* III. (Ritstjóri Halldór Guðmundsson), bls. 883-929. Reykjavík, Mál og menning.
- Silja Aðalsteinsdóttir. 1999. Íslenskar barnabækur. *Raddir barnabókanna*. (Ritstjórar Hildur Hermóðsdóttir og Silja Aðalsteinsdóttir), bls. 9-37. Reykjavík, Mál og menning.
- Uppeldisáætlun fyrir leikskóla*. 1993. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- Valborg Sigurðardóttir. 1989. *Myndsköpun ungra barna, frá kroti til tákmyndu*. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- Valborg Sigurðardóttir. 1992. Leikurinn- sjálfstjáníng og sjálfsnám. *Leikur og leikgleði. afmælisrit helgað Valborgu Sigurðardóttur*. Bls. 47-62. Reykjavík, Fóstrufélag Íslands.
- Vésteinn Ólason. 1993. Kveðskapur frá síðmiðöldum. *Íslensk bókmenntasaga* II. (Ritstj. Vésteinn Ólason), bls. 283-378. Reykjavík, Mál og menning.

Fylgiskjal A - Handbók kennara

Handbók kennara

- hugmyndir að vinnu með ljóð í leikskólum -

Brosandi snjór

Ég sá brosandí snjó,
ég sá sól í fjallinu.
Ég teiknaði rautt,
ég teiknaði skýin.
Bátur, himinn, staður, gras.
Þetta er bekkur,
þetta er klaki.
Þetta er gott,
og þetta er ekki gott.
Þetta er klaki,
röndóttur klaki.
Þetta er engill,
þetta er bekkur.
Mjög gott, mjög gott, mjög gott,
en þetta er vont.

Höf. Börn í leikskólanum Undralandi, Hveragerði

Ljóð í leikskóla – handbók kennara

Í þessari handbók eru settar fram hugmyndir að vinnu með ljóð í leikskólum. Í daglegu starfi þurfa leikskólakennarar stöðugt að huga að fjölbreyttu kennsluefni með mismunandi kennsluaðferðum og er þessi handbók hugsuð sem hjálpartæki fyrir kennara. Henni er ætlað að vera leiðbeinandi en ekki nákvæmur leiðarvísir að vinnu með ljóð. Valin hafa verið þrjú ljóð: „Vont og gott“ eftir Þórarinn Eldjárn, fyrsta erindi úr „Krummavísunum“ eftir Jón Thoroddsen, og „Vindurinn“ sem nokkur leikskólabörn sömdu.

Hverju ljóði fylgja sex verkefni sem eiga að efla ákveðin þroska barna samkvæmt *Aðalnámsskrá leikskóla*.⁹⁵ Vinna með hvert ljóð um sig tekur þrjár vikur, verkefnin eru útbúin með börn á aldrinum þriggja til sex ára í huga. Áætlað er að hvert verkefni taki um 30 – 50 mínútur, en tíminn miðast við aldur og þroska þeirra. Áðurnefnd ljóð urðu fyrir valinu vegna þess að líklegt er að þau höfði til barna en jafnframt er þar að finna nokkur orð sem hugsanlega þarfnast skýringa við.

Megin markmiðið er að vinna með ljóðin í öllum námssviðum leikskóla en þau gefa möguleika á að efla alhliða þroska barna sem getið er um í *Aðalnámsskrá leikskóla*. Þessir þroskaþættir eru tilfinningaþroski, líkams- og hreyfiþroski, málþroski, félagsþroski og félagsvitund, vitsmunþroski, fagurþroski og sköpunarhæfni, siðgæðisþroski og siðgæðisvitund.⁹⁶ Það er einnig markmið með verkefnunum að gefa börnum tækifæri á því að tjá tilfinningar sínar á innihaldi ljóða.

Gert er ráð fyrir að í lok hvers verkefnis sé vinna barnanna metin en fram kemur í *Aðalnámsskrá leikskóla* að það skuli gert.⁹⁷ Þegar verkefnavinna leikskólabarna er metin þarf að hafa önnur viðmið en hefðbundna einkunnagjöf eins og gert er í grunnskólum. Kennari getur t.d. spurt eftirfarandi spurninga og metið starfið út frá því: *Virkni*: tekur barnið þátt í verkefninu að fullum hug? *Starfsgleði*: hefur barnið ánægju af verkefninu? *Samvinna*: sýnir barnið samvinnu við önnur börn og kennara? *Sköpun*: tekur barnið þátt í þeirri sköpunarvinnu sem fram fer? *Frumkvæði*: sýnir barnið frumkvæði í vinnu sinni?


Markmiðið með námsmati af þessu tagi er fyrst og fremst það að kennari geti gert sér grein fyrir því hvar hvert barn stendur námslega séð. Þess háttar mat ætti að hjálpa kennaranum að gera sér grein fyrir hvaða þættir eru sterkir hjá barninu og hvað þurfi að styrkja. Aftast í handbókinni er matsblað sem kennari getur haft til hliðsjónar við matið.

⁹⁵ *Aðalnámsskrá leikskóla* 1999:8

⁹⁶ *Aðalnámsskrá leikskóla* 1999:8-10

⁹⁷ *Aðalnámsskrá leikskóla* 1999:43-44

Þema - „ Vont og gott “



Vont og gott

Það er svo vont að liggja á köldum klaka
kalin í gegn og skjálfa allur og braka.
Hugsa bara þetta:-Svaka svaka
svakalega er vont að liggja á klaka

Það er svo gott að liggja í mjúkum mosa
mæna upp í himininn og brosa.
Hugsa bara þetta:- Rosa rosa
rosalega er gott að liggja í mosa

Höf. Þórarinn Eldjárn⁹⁸

⁹⁸ Þórarinn Eldjárn 2004:64

Vinna með ljóðið „Vont og gott“ er sett upp sem sex verkefni og fara þau inn á öll námsvið leikskóla. Markmiðið er að styrkja málþroska barna, auka orðaforða þeirra og hugtakaskilning. Það samrýmist *Aðalnámskrá leikskóla* en þar segir að efla skuli málþroska barna.⁹⁹ Mikilvægur þáttur í verkefninu er einnig að fá börn til að tjá sig um tilfinningar sínar á innihaldi ljóðsins. Verkefnunum hér að neðan er ætlað að vera leiðbeinandi og óþarfi er að vinna þau endilega í þeirri röð sem þau koma fyrir.

1. Verkefni- málrækt

Markmiðin í þessu verkefni eru þau að efla málþroska og auka hæfni barna í að greina andstæður orða. Þá er ætlunin að kenna börnum að þekkja mun á ljóði og sögu þegar þau sjá texta í þeim tilgangi að þau læri smá saman að gera sér grein fyrir muninum á þessum tveimur formum. Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir að þegar lesið er fyrir börn fái þau þjálfun í hlustun og með því að kynnst bókum sem hluta af daglegu umhverfi læra þau að njóta þeirra.¹⁰⁰

Markmiðið með verkefninu er að:

- Auka orðaforða
- Hvetja til samræðna
- Útskýra ókunn orð
- Kynna andstæður orða

Kennari les ljóðið „Vont og gott“ og í framhaldinu eru börnin hvött til að skoða form ljóðsins eins og það kemur fyrir í bókinni. Gera má ráð fyrir að nokkur orð í ljóðinu þurfi útskýringar við t.d.:

- Kalin
- Skjálfa
- Braka
- Mæna
- Mosi

⁹⁹ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:9

¹⁰⁰ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:20-21

Kennari útskýrir orðin fyrir börnunum með því að kenna þeim samheiti orðanna þar sem það á við. Dæmi: samheiti orðsins *skjálfa* er *titra*, *mæna* er *horfa*. Í kjölfarið hvetur kennari börnin til að segja frá eigin reynslu þar sem þessi orð koma við sögu. Að lokum útskýrir kennari einnig hvað andstæður eru með því að taka dæmi af þeim orðum sem eru í ljóðinu, t.d.:

- Vont – gott
- Liggja – standa
- Köldum – heitum
- Mjúkum – hörðum
- Upp – niður

Að þessu verkefni loknu er stefnt að því að orðaforði barnanna og hugtakaskilningur hafi aukist með því að kynna þeim andstæður orða eins og t.d. vont og gott. Einnig ætti hæfni þeirra í tjáningu að hafa eflst við samræðurnar.

2. Verkefni- náttúra og umhverfi

Markmiðin með þessu verkefni eru að efla tengsl barna við náttúru og umhverfi með því að fara með þau í vettvangsferðir þar sem þau geta tengt sína upplifun af ljóðinu við umhverfið. Í þessum ferðum eflist líkams- og hreyfiþroski sem og málþroski þar sem spjallað er um það sem fyrir augu ber. Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir að kynna eigi umhverfi og náttúru fyrir barninu.¹⁰¹

Markmiðið með verkefninu er að:

- Ræða um umferðarreglur og öryggi í umferðinni
- Vekja áhuga barna á umhverfinu og náttúrunni
- Hvetja til samræðna með opnum spurningum

Góð hugmynd er að leyfa börnunum að velja áfangastað út frá þeim myndum sem prýða ljóðið. Mögulegir staðir sem koma til greina eru t.d.:

¹⁰¹ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:26

- Grasflatir
- Snjóbreiður
- Leikskólalóðin

Eftirtalið er gott að hafa í sameiginlegum bakpoka og fá börnin til að vera með í því að pakka:

- Myndavél
- Nesti
- Sjúkrakassa
- Ljóðabók

Kennari les ljóðið „Vont og gott“ þegar komið er á staðinn. Þær upplifanir sem börnin verða fyrir við lesturinn eru ræddar. Eftir það eru börnin hvött til að leggjast niður og upplifa muninn á heitu, köldu, hörðu og mjúku t.d.:

- Hvort er kaldara að liggja á steini eða á grasi?
- Hvort er þægilegra að liggja á hörðu eða mjúku?

Í lok verkefnisins er stefnt að því að börnin geri sér grein fyrir því að í náttúrunni eru efni sem eru ólík viðkomu. Einnig að þau upplifi ljóðið og hugtök tengd því með líkama sínum. Einnig ætti málþroski að hafa aukist við umræður.

3. Verkefni- myndsköpun

Markmiðið með þessu verkefni er að efla sköpunarhæfni barna með því að fá þau til að tjá þær tilfinningar og upplifanir sem ljóðið vekur með þeim með myndsköpun. Í *Aðalnámskrá leikskóla* er talað um að gefa eigi börnum tækifæri til sköpunar með margskonar efniviði.¹⁰² Ætlunin er að börnin skapi úr ýmsum efnivið upplifanir sínar af ljóðinu.

¹⁰² *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:22

Hlutverk kennara eru að:

- Sjá börnunum fyrir fjölbreyttu efni til sköpunar
- Vera virkur þátttakandi í vinnu barnanna
- Sjá um að allir fái verkefni við hæfi

Börn og kennari hjálpast að við að finna það efni sem nota skal við vinnuna t.d.:

- Leir
- Ýmis konar málning
- Trékubbar og afsag

Kennari les ljóðið „Vont og gott“ og rifjar upp með börnunum það sem gert hefur verið í fyrri verkefnum. Þetta er gert til að efla minni þeirra. Upplifanir barna geta verið mismunandi og tilvalið að leyfa þeim að skapa sína eigin mynd þar sem þeirra túlkun kemur fram. Sköpunin eflir fagurþroska og sköpunarhæfni þeirra.¹⁰³ Þegar börnin hafa skapað sína mynd er tilvalið að kennari fái hvert og eitt barn til að segja frá sínu verki. En við það örvast mál- og vitsmunapróski þeirra.¹⁰⁴

Börnin fá að setja upp leikrit með hjálp kennara þar sem vont og gott takast á. Hugmyndir að verkum eru t.d. eftir sögunum:

- Geiturnar þrjár
- Rauðhetta
- Litla ljót

Markmiðið með samvinnuverkefnum af þessu tagi er að efla félags- og siðgæðisþroska barna.¹⁰⁵ Að loknu þessu verkefni er stefnt að því að sköpunargleði barnanna hafi eflst. Þau geri nú sér grein fyrir því að hægt er að skapa myndverk úr margskonar efnivið. Auk þessa er markmiðið augin samvinna milli barnanna.

¹⁰³ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:10

¹⁰⁴ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:9

¹⁰⁵ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:9-10

4. Verkefni - tónlist

Takmarkið með þessu verkefni er auka næmni barna fyrir hljóðum og hrynjanda en um það er fjallað í *Aðalnámskrá leikskóla*.¹⁰⁶ Þetta er gert með því að fá börnin til að hlusta eftir hljómfalli og rími í ljóðinu.

Markmið verkefnisins eru að:

- Kynna rím fyrir börnunum
- Auka orðaforða barnanna
- Gefa börnunum tækifæri til að gera tilraunir með tónlist

Kennari les fyrir börnin ljóðið „Vont og gott“ og biður þau um að fylgjast með því hvaða orð ríma eins og t.d:

- Klaka – braka – svaka
- Mosa – brosa – rosa

Að þessu loknu eru lesin fleiri ljóð í þeim tilgangi að fá börnin til að hlusta eftir hrynjanda og rími, en telja má að það auki orðaforða þeirra.

Mörg ljóð er hægt að nota eins og t.d:

- Bokki sat í brunni /höf. ókunnur
- Sigga litla systir mín /höf. ókunnur
- Afi minn fór á honum Rauð /höf. ókunnur
- Buxur, vesti, brók og skó /höf. Jónas Hallgrímsson

Eftir upplestur hjálpast börn og kennari að við að setja saman ljóð úr þeim orðum sem börnin töldu að rímuðu. Þetta er gert með því að börnin búa til setningar í kring um orðin og raða þeim síðan saman. Þegar ljóðið er tilbúið er upplagt að fá þau til að velta fyrir sér hvernig tónlist passar við það. Kennari spyr börnin hvernig þau telji að hægt sé að flytja ljóðið, er kannski hægt að:

¹⁰⁶ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:24

- Syngja það?
- Segja ljóðið og slá takt við það?
- Rappa það?
- Leika það? (leikrit)

Kennari hvetur börnin og hjálpar þeim við að gera tilraunir með því að prófa ofantaldar aðferðir. Að þessu verkefni loknu er stefnt að því að börnin hafi öðlast þekkingu á rími og einnig er gert ráð fyrir að þau geri sér grein fyrir hrynjanda sem einkennir lestur flestra ljóða.

5. Verkefni - hreyfing

Markmiðið með þessu verkefni er að efla líkams- og hreyfiþroska barna með því að fara í gönguferð um heimabyggð þeirra. Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir að hreyfing efli líkamlega og andlega vellíðan og börn hafi þörf fyrir að hreyfa sig.¹⁰⁷ Einnig að fræða þau um þá starfsemi sem fram fer í næsta nágrenni við þau. Ætlunin er að skoða mismunandi byggingar og velta fyrir sér stærð þeirra.

Markmið verkefnisins er að:

- Efla athyglisgáfu barnanna
- Hvetja til tillitsemi við hvert annað
- Kenna leikinn þrautakóng
- Koma með tillögur að hreyfingu

Áður en lagt er af stað til að skoða nágrennið les kennari ljóðið „Vont og gott“ fyrir börnin og þær andstæður sem koma fram í því eru ræddar. Kennari kennir börnunum leikinn þrautakóng en hann gengur út á að eitt barnið leiðir hópinn og gerir ýmsar æfingar sem hin herma eftir. Í þessum leik verða þau að taka tillit til hvors annars og eflir það siðgæðisþroska.¹⁰⁸ Mögulegar hreyfingar í þessum leik eru:

¹⁰⁷ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:27

¹⁰⁸ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:10

- Ganga aftur á bak
- Valhoppa
- Hoppa á öðrum fæti
- Veifa höndunum í kringum sig
- Fara í kollhnís

Á þessari leið getur kennari einnig fengið börnin til að velta fyrir sér hvað fram fer í þeim húsum sem þau ganga framhjá. Kennari kemur þá kannski með uppástungur og spyr hvort þetta séu t.d.:

- Heimili
- Verslanir
- Gróðurhús
- Verksmiðjur

Einnig ræðir kennari við börnin um hvort þau telji að hægt sé að finna út hvort heitt eða kalt sé í húsunum, í þeim tilgangi að tengja við ljóðið. Tillögur að því hvernig flokka má hús eru t.d.:

Hús sem er heitt í:

- Gróðurhús
- Þvottahús
- Bakarí
- Gufubað

Hús sem er kalt í:

- Ísverksmiðjur
- Frystihús
- Kæliklefar í verslunum
- Hlaða

Í lok þessa verkefnis er stefnt að því að börnin hafi öðlast vitneskju um þá starfsemi sem fram fer í næsta nágreppi. Einnig er markmiðið að skilningur þeirra hafi aukist fyrir því að mismunandi starfssemi kallar á ólíkt hitastig í húsum.

6. Verkefni - menning og samfélag

Markmiðið í þessu verkefni er að efla umhverfisvitund barna með því heimsækja listasafn. Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir að kynna eigi fyrir börnum það samfélag sem þau lifa í.¹⁰⁹ Tilgangurinn með þessu verkefni er að hjálpa börnum að skynja og skilja list.

Markmið verkefnisins er að:

- Kanna hvaða listasöfn eru í næsta nágreppi
- Fræða börnin um tiltekið listasafn
- Undirbúa heimsókn á safnið
- Skoða nokkur listaverk með börnunum
- Samræður um listaverkin

Kennari les ljóðið „Vont og gott“ og ræðir við börnin um listasafnið sem heimsækja á. Útskýrir fyrir börnunum hvaða starfsemi fer þar fram. Hann hjálpar þeim einnig að leita upplýsinga um hvers konar verk eru á safninu. Við munnleg samskipti eflist málþroski og félagsþroski.¹¹⁰ Hægt er að finna upplýsingar um listaverkin með því að:

- Leita í tölvu
- Leita í bókum

Eftir leitina að upplýsingum fær kennari eitt barnið til þess að hringja á safnið og fá leyfi til að koma í heimsókn. Með þessu er verið að hvetja til sjálfstæðis barna.¹¹¹ Þegar komið er á safnið er það skoðað en þar getur verið um margskonar list að ræða eins og t.d.:

- Höggmyndir

¹⁰⁹ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:27

¹¹⁰ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:9-10

¹¹¹ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:9

- Málverk
- Leirverk

Á safninu eru börnin beðin um að leita að einhverju sem minnir þau á ljóðið. Þegar heim er komið eru þau hvött til að endurskapa það verk sem þeim leist best á. Að verkefninu loknu ættu börnin að gera sér betur grein fyrir því hver tilgangur listasafna er. Einnig er stefnt að því að þau hafi fengið að upplifa ýmiskonar listaverk.

2. Þema - „, Krummavísur “



Krummavísur

Krummi svaf í klettagjá
kaldri vetrarnóttu á,
verður margt að meini.
Fyrir en dagur fagur rann
freðið nefið dregur hann
undan stórum steini.

Höf. Jón Thoroddsen¹¹²

¹¹² *Vísur, kvæðabrot og þulur* 1994:39

Vinna með ljóðið „Krummavísur“ er sett upp sem sex verkefni og fara þau inn á öll námsvið leikskóla. Markmiðið er að kynna fyrir börnum hrafninn og kanna umhverfið þar sem hann er að finna með því að fara í vettvangsferðir. Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir að gefa skuli börnum tækifæri til að upplifa náttúruna og það líf sem í henni býr.¹¹³

Börnunum er þá gefið færi á að tjá sig um innihald ljóðsins í máli, myndum og hreyfingu. Ekki er nauðsynlegt að vinna verkefnin í þeirri röð sem sett eru fram hér að neðan.

1. Verkefni - málörvun

Í verkefninu er markmiðið að efla málþroska barna með því að skapa umræður út frá ljóðinu „Krummavísur“. Samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* skal leggja áherslu á samræður og opnar spurningar í því skyni efla málþroska barna.¹¹⁴ Kennsla fer fram með umræðum sem kennari stýrir.

Markmið kennslunnar er að:

- Hvetja til umræðna
- Gefa öllum tækifæri til að tjá sig
- Auka orðaforða

Kennari les ljóðið og fer yfir innihald þess með börnunum í þeim tilgangi að kanna hvort þau hafi skilið öll orðin í því og viti um hvað það fjallar. Orð og orðatiltæki sem hugsanlegt er að börnin skilji ekki eru t.d.:

- Klettagjá
- Vetrarnóttu
- Margt að meini
- Dagur fagur rann

Kennari útskýrir orðin fyrir börnunum með samheimtardæmum, t.d. margt að meini= margt getur komið fyrir krumma.

¹¹³ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:26

¹¹⁴ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:20

Í lok verkefnisins er stefnt að því að börnin hafi öðlast aukin orðaforða með því að ræða um óþekkt orð og kynna fyrir þeim andheiti. Einnig er ætlunin að færni þeirra í tjáningu hafi aukist með því að ræða um innihald ljóðsins og hvernig tilfinningar það vekur hjá þeim.

2. Verkefni - myndsköpun

Myndsköpun er yfirskrift þessa verkefnis og er markmiðið að fá börn til að tjá sig myndrænt, með því að búa til klippimynd af upplifunum sínum af ljóðinu. Þetta er gert til að auka hæfni þeirra í að túlka tilfinningar sínar, en við það má ætla að tilfinningaþroski og sköpunarhæfni þeirra eflist. Í *Aðalnámskrá leikskóla* kemur fram að börn hafi mikla þörf á að tjá sig með myndsköpun.¹¹⁵

Hlutverk kennara eru að:

- Sjá börnunum fyrir þeim efnivið sem þurfa þykir
- Hvetja til umræðna um upplifun barnanna af ljóðinu

Kennari byrjar tímann á því að lesa ljóðið „Krummavísur“ fyrir börnin og fyrri umræða er rifjuð upp. Börnin æfa sig í myndrænni tjáningu og rifja upp merkingu orðanna sem þau skildu ekki, við þetta þjálfast minni þeirra. Spurningar sem geta komið upp í tengslum við þennan tíma eru t.d:

- Er hægt að búa til myndir öðruvísi en að mála þær?
- Má bara hafa krumma svartan?
- Hvar er hægt að finna krumma?

Börn og kennarar ræða um hvaða efnivið er best að nota í þessari vinnu. Hugmyndir að efnisnotkun:

- Ýmiskonar efnisafgangar
- Mismunandi form úr pappír

¹¹⁵ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:22

- Myndir úr tímaritum
- Gömul púsluspil

Allir hjálpast að við að finna það efni sem þau vilja nota við vinnuna, en með því er verið að hvetja börnin til samvinnu sem eflir samskiptahæfni þeirra. Börnin gera síðan klippimyndir af því sem þau sjá út úr ljóðinu. Að verkefni loknu er stefnt að því að börnin hafi bætt hæfni sína til að tjá upplifanir sínar með myndsköpun. Málþroski hafi einnig aukist við umræður sem fram fara þegar börnin segja frá sínu verki. Fínhyfingar barna eru örvaðar með því að þau klippa niður efnivið.

3. Verkefni - náttúra og umhverfi

Markmiðið er að vekja áhuga barna á umhverfinu, fá þau til að velta því fyrir sér og ræða um það. Þetta eykur málþroska, vitsmunapróska, félagsþroska og félagsvitund þeirra og er það í samræmi við *Aðalnámskrá leikskóla*.¹¹⁶ Einnig er ætlunin að leita að krumma.

Markmiðið með verkefninu er að:

- Vekja áhuga barnanna á umhverfinu
- Koma með spurningar um hvar krumma sé að finna
- Hvetja börnin til hjálpssemi við hvort annað

Kennari hefur kennslustundina á því að lesa upp ljóðið „Krummavísur“ fyrir börnin, en við endurtekningu má gera ráð fyrir að minni þeirra þjálfist. Reikna má með því að upp komi spurningar um hvað þarf að hafa með í för.

Eftirtalið er gott að hafa í sameiginlegum bakpoka:

- Myndavél
- Sjónauki
- Fuglabók
- Nesti
- Sjúkrakassa

¹¹⁶ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:9-10

Áður en haldið er af stað er rætt við börnin um umhyggjusemi og þau hvött til að hjálpa hvort öðru í ferðinni, við það eflist siðgæðisþroski.¹¹⁷ Börnin og kennarinn ræða saman um hugmyndir þeirra hvar krumma gæti verið að finna. Kennari hvetur til umræðna með því að spyrja börnin opinna spurninga t.d.:

- Eiga krummar heima í trjám?
- Eða synda krummar á ám?
- Búa krummar í klettum?
- Eiga krummar kannski heima í kirkjunni?
- Hvar eru hreiður krummanna?

Þegar búið er að ákveða í sameiningu hvar leita skuli að krumma er allt sem vera á í bakpokanum sett í hann og haldið af stað. Með því að fá börnin til að taka sameiginlegar ákvarðanir er unnið með félagsþroska og samskiptahæfni þeirra. Á leiðinni er kjörið að segja börnunum frá staðháttum, örnefnum og benda þeim á athygliverða staði í umhverfinu. Einnig skal hvetja börnin til að staldra við og vekja athygli hvors annars og kennara ef þau sjá eitthvað sem þeim finnst athyglivert eða eitthvað sem þau vilja spyrja um. Ef krumma er að finna á þeim stað sem börnin stungu upp á má telja líklegt að þau sjái hann í fjarska, þá er gott að geta gripið í sjónaukann. Kennari getur hvatt til umræðna með því að spyrja börnin:

- Hvort eitthvert þeirra hafi séð krumma í návígi?
- Vilja þau skoða myndir af honum?

Ef ekkert barn fær þá hugmynd að hægt sé að nálgast myndir af honum á bókasafninu getur kennarinn komið því inn hjá þeim, með því er verið að vekja athygli barnanna á því safni sem er í heimabyggð þeirra. Æskilegt er að kennari gefi börnunum tækifæri til að koma með lausnir með því að spyrja opinna spurninga sem leiði til niðurstöðu. Ef krumma er aftur á móti ekki að finna á þeim stað sem börnin vildu fara á er tilvalið að velta þeirri spurningu upp hvort:

¹¹⁷ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:10

- Börnin viti um einhvern stað þar sem hægt er að finna upplýsingar um hann?

Sama hvort hrafninn finnst eða ekki er kominn vísir að heimsókn á bókasafn. Að verkefninu loknu er stefnt að því að börnin þekki umhverfi sitt betur og hafi öðlast þekkingu á því hvar krumma er að finna. Einnig að þau geri sér grein fyrir mikilvægi þess að vera hjálpsöm hvort við annað. Athyglisgáfa þeirra hefur verið aukin með því að vekja athygli þeirra á því sem býr í umhverfinu.

4. Verkefni - menning og samfélag

Markmiðin með verkefninu eru að börn fái að kynnst bókasafninu og að einhverju leiti fá tækifæri til að fræðast um hvernig leitað er að efni á bókasöfnum. Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir að hægt sé að víkka sjóndeildarhring barna með heimsóknum í menningarstofnanir.¹¹⁸

Markmið verkefnisins er að:

- Hvetja til samskipta við annað fólk
- Kynna fyrir börnum menningarstofnun

Kennari les ljóðið „Krummavísur“ fyrir börnin og spurningum þeirra frá fyrri tíma er velt upp til að undirbúa þau sem best fyrir bókasafnsferðina. Til að undirbúa ferðina er eitt barnið fengið til að hringja á bókasafnið og fá leyfi til að koma á staðinn.

Bókasafnsvörðurinn fær upplýsingar um það sem börnin vilja fræðast um, í þeim tilgangi að geta undirbúið komu þeirra. Mögulegar spurningar sem börnin vilja fá svör við eru:

- Gera krummar hreiður?
- Kunna þeir að synda?
- Hversu marga unga eignast þeir?

Einnig segir kennari þeim þjóðsögu um krumma sem dæmi um slíka sögu er sagan:

¹¹⁸ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:27-28

- Herjólfur og Vilborg í Vestmannaeyjum.¹¹⁹

Þegar komið er á bókasafnið er ljóðið lesið og rætt um það sem áður hefur verið gert. Síðan hjálpar bókasafnsvörðurinn og kennarinn börnunum að finna þær bækur sem geta svarað spurningum þeirra. Í lok verkefnisins er stefnt að því að börnin hafi kynnst menningastofnun í heimabyggð sinni og því hvernig hægt er að leita sér upplýsinga á bókasafni.

5. Verkefni - tónlist

Markmiðið í þessu verkefni er að fá börn til að velta fyrir sér hvernig tónlist passar við „Krummavísur“. Einnig að gefa þeim tækifæri á að upplifa mismunandi tónlist. Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir að leggja beri áherslu á að börn fái að njóta tónlistar.¹²⁰ Með því er verið að efla tilfinningu barna fyrir tónlist.

Markmið verkefnisins er að:

- Kynna fjölbreytta tónlist fyrir börnunum
- Sjá börnunum fyrir aðgangi að hljóðfærum
- Kenna börnunum að umgangast hljóðfæri

Kennari kennir börnunum lagið við „Krummavísur“. Hægt er að spyrja hvernig þeim finnist tónlistin hljóma. Er hún t.d.:

- Dimm?
- Björt?
- Hröð?
- Hæg?
- Glöð?
- Sorgleg?
- Passar að hafa símfónu?
- Eða kórsöng?

¹¹⁹ Jón R. Hjálmarsson 2002:174-176

¹²⁰ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:24

Þegar börnin hafa velt þessu fyrir sér og fengið að heyra mismunandi tegundir tónlistar, sem spiluð er fyrir þau af geisladiskum, taka þau afstöðu til þess hvernig hljómur og tilfinning passar ljóðinu. Með þessu er verið að fá börnin til að tjá tilfinningar sínar með orðum, en það eflir mál- og tilfinningaþroska.¹²¹ Fundin eru ýmis hljóðfæri sem til greina koma til að skapa þá tónlist sem börnin hafa valið. Við það læra börnin að raða saman mismunandi hljómunum. Að verkefni loknu er stefnt að því að börnin hafi fengið að kynna fjölbreyttri tónlist og að þau geti tjáð tilfinningar sínar gagnvart henni. Einnig að þau kunni að ganga um hljóðfæri og hafi fengið að prófa að spila á þau.

6. Verkefni - hreyfing

Markmiðið með þessu verkefni er að fá börn til að líkja eftir hreyfingum krumma. Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir að hreyfing og hreyfileikir efla styrk og getu barna.¹²² Einnig er markmiðið að kenna þeim færeyskan hringdans en hann gengur út á það að ganga tvö skref til vinstri og eitt til hægri. Við þetta eflist hæfni barna í að samhæfa hreyfingar. Markmið með verkefninu eru að:

- Hvetja börnin til hreyfingar
- Kenna börnunum hringdans
- Hvetja til umræðu um krumma

Kennari les ljóðið „Krummavísur“ fyrir börnin þegar allir koma saman í sal skólans. Síðan er upplagt að spyrja hvort þau viti hvernig krummi hreyfir sig:

- Hoppa krummi?
- Gengur krummi?
- Eða flögrar krummi?

Börnin eru hvött til að:

- Hreyfa sig eins og þau telja krumma gera

¹²¹ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:9

¹²² *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:19

- Hoppa yfir slá
- Hoppa á trompólíni
- Ganga á jafnvægisslá

Út frá þessu vakna án efa einhverjar vangaveltur um hvernig fuglar almennt hreyfa sig. Ekki er ólíklegt að börnin vilji fá að rannsaka þetta betur og er það kennara að gefa þeim möguleika á því. Í lok verkefnis er stefnt að því að börnin hafi öðlast betri líkamsfærni og samhæfing hreyfinga þeirra hafi batnað. Einnig að þau öðlist aukna færni í tjáningu með því að hreyfa sig frjálst.

3. Þema - „Vindurinn“



Vindurinn

Ég heyri
eitthvert hljóð.
Það heyrist
í vindinum.
Vindurinn fer
í lækinn.
Hann klifrar
í klettana.
Vindurinn er
með augu.
Ég sá það.
Hann klappar
fjallinu.

Höf.: Gunnar Sveinn Rúnarsson, 3. ára
Linda Björk Halldórsdóttir, 3. ára
Vilhjálmur Rúnar Vilhjálmsson, 3. ára¹²³

¹²³ *Ljóðabók barnanna* 1991:35

Vinna með ljóðið „Vindurinn“ er sett upp sem sex verkefni sem framkvæmd verða í öllum námsviðum leikskóla. Markmiðið er að kynna fyrir börnum orð sem tengjast veðri og veðurfari. Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir að gefa skuli börnum tækifæri á að upplifa náttúruna og fræða þau um veðurfar o.fl.¹²⁴ Börnum eru gefin færi á að tjá sig um tilfinningar sínar á innihaldi ljóðsins í máli, myndum og hreyfingu. Ekki er nauðsynlegt að vinna verkefnið í þeirri röð sem þau er sett fram hér að neðan.

1. Verkefni - málrækt

Markmiðið með þessu verkefni er að efla málþroska og skilning barna á því að allir geti búið til ljóð. Í *Aðalnámskrá leikskóla* er kveðið á um að efla skuli málþroska barna með því að auka orðaforða og fara með þulur og kvæði.¹²⁵ Kennslan fellst aðallega í samræðum en í þeim er lögð áhersla á að höfundar ljóðanna í *Ljóðabók barnanna* séu börn.

Hlutverk kennara er að:

- Stjórna umræðum og leiða þær áfram með opnum spurningum
- Sjá til þess að öll börnin taki þátt í umræðunum
- Svvara spurningum barnanna

Kennari les fyrir börnin ljóðið „Vindurinn“ og að því loknu stjórnar hann umræðum um innihald þess. Hann þarf að spyrja um hvað ljóðið fjallar og leita eftir skilningi á því hjá börnunum. Líklegt má telja að börnin skilji þetta ljóð að mestu leyti. Þó má gera ráð fyrir spurningum frá börnunum á borð við:

- Hefur vindurinn virkilega augu?
- Getur vindurinn klifrað í klettum?
- Getur vindurinn klappað fjöllum?

Kennari hvetur börnin til að koma með sínar skoðanir á þessum spurningum og hlusta á skoðanir annarra. Við það má telja að siðgæðisþroski, félagsþroski og vitsmunþroski

¹²⁴ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:26

¹²⁵ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:9

þeirra eflist.¹²⁶ Í lok verkefnisins er stefnt að því að börnin geri sér grein fyrir því að allir geta samið ljóð. Einnig að þau öðlist aukna færni í tjáningu með því að ræða um innihald ljóðsins og hvernig tilfinningar það vekur hjá þeim.

2. Verkefni - myndsköpun

Markmiðið í þessu verkefni er að fá börn til að skilja, að vindinn og umhverfið má nota til myndsköpunar en í *Aðalnámskrá leikskóla* er lögð áhersla á að börn fái að njóta reynslu sem örvar hugmyndaflug þeirra.¹²⁷ Einnig er lögð áhersla á samvinnu með því að biðja börn að skapa sameiginlegt verk úr verðlausu efni.

Hlutverk kennara eru að:

- Spyrja opinna spurninga
- Sjá börnunum fyrir þeim efnivið sem þurfa þykir
- Vera virkur þátttakandi í starfi barnanna
- Fræða börnin um náttúruvernd
- Sjá um að allir fái verkefni við hæfi

Undirbúningur fer þannig fram að kennari les ljóðið „Vindurinn“, síðan eru börnin hvött til umræðu um vindinn. Kennari spyr opinna spurninga eins og t.d.:

- Getur vindurinn málað mynd?
- Getur hann feykt húsum um koll?
- Er hann hættulegur?
- Er hann góður?

Þær leiðir sem hægt er að fara þegar notast á við vindinn í myndsköpun eru:

- Málning sett á greinar trjáa og vindurinn látinn hreyfa þær.
- Lím sett á stóra örk og vindur sér um að feykja laufi og fl. á örkina.
- Hengja langar tauræmur í tré eða girðingu og láta vindinn flækja þeim saman.

¹²⁶ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:9-10

¹²⁷ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:10

Farið er út og hentugur trjágróður fundinn, en telja má að lágvaxin tré eða runnar séu kjörin fyrir þá vinnu sem framundan er. Töluverður vindur verður að vera og ekki er æskilegt að blautt sé á. Kennari minnir börnin á að fara varlega í umgengni sinni við gróðurinn til að hann skemmist ekki. Börnin hjálpast að við að lita greinar trjáanna með þekjulitum, síðan halda þau stífri pappírsörk upp við greinarnar og vindurinn sér um að feykja greinunum til og frá.

Með þessu geta börnin upplifað vindinn og tréð og málað mynd í sameiningu. Þau fá tækifæri til að njóta margháttáðrar reynslu við listsköpun en ætla má að það efli fagurþroska og sköpunarhæfni þeirra.¹²⁸ Börnin hjálpast að í lok tímans við að þrifa málninguna af greinunum. Telja má að siðgæðisvitund barnanna eflist við samvinnu.¹²⁹ Ef ekki gengur að lita greinarnar má festa pensla á þær. Í lok verkefnisins er stefnt að því að börnin hafi lært að með samvinnu við hvort annað og umhverfið sé hægt að skapa myndverk. Skilningur þeirra á að allir hafi eitthvað fram að færa ætti að hafa aukist sem og samkennd með öðrum. Einnig er stefnt að því að þau læri að ganga vel um umhverfi sitt.

3. Verkefni – náttúra og umhverfi

Í þessu verkefni er markmiðið að fá börn til að velta fyrir sér umhverfi sínu og vekja áhuga þeirra á því, en í *Aðalnámskrá leikskóla* er kveðið á um að það skuli gera.¹³⁰ Það getur kennari gert með því að fá þau til að ræða hvort og þá hvar fjöll sé að finna í nágrenni þeirra. Með samtölum örvast málþroski, vitsmunaproski, tilfinningaproski, félagsþroski og félagsvitund.¹³¹ Stefnt er að því að börn öðlist betri þekkingu á umhverfi sínu.

Hlutverk kennara eru að:

- Vekja áhuga barnanna á umhverfi sínu
- Leiða þau áfram með opnum spurningum

¹²⁸ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:10

¹²⁹ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:10

¹³⁰ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:10

¹³¹ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:9-10

Stefnt er að því að finna vindinn sem klappar fjallinu, eða ef ekki eru nein fjöll í nágrenninu þá má leita að vindinum sem klappar t.d.:

- Húsum
- Steinum
- Trjám
- Hólum
- Klettum

Kennari les ljóðið „Vindurinn“ og hvetur til umræðna um innihald þess en ætla má að það efli málþroska.¹³² Þegar vindurinn er fundinn eru börnin beðin um að koma sér fyrir og finna hvort og þá hvernig vindurinn klappar þeim. Kennari skráir niður upplifanir barnanna í þeim tilgangi að nota í frekari vinnu með ljóðið. Að verkefninu loknu er stefnt að því að umhverfisvitund barnanna hafi aukist. Telja má að líkams- og hreyfiþroski þeirra aukist með gönguferð sem bíður upp á klifur og aðra líkamlega áreynslu.

4. Verkefni - tónlist

Markmiðið í þessu verkefni er að efla næmni barna fyrir hljóðum með því að vekja athygli þeirra á því sem heyrir í umhverfi þeirra, en um það er talað í *Aðalnámskrá leikskóla*.¹³³ Einnig að vekja athygli þeirra á mismunandi tónlist.

Markmið kennslunnar í þessu verkefni eru að:

- Vekja áhuga barnanna á hljóðum í umhverfi þeirra
- Gefa börnunum tækifæri á að hlusta á fjölbreytta tónlist
- Vera opinn fyrir þeim tækifærum sem gefast

Leiðir að því að vekja eftirtekt barnanna á hljóðum í umhverfinu eru t.d. að hlusta eftir:

- Bílhljóðum
- Hurðaskellum

¹³² *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:9

¹³³ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:9

- Veðurhljóðum
- Hljóðum frá fólki

Kennari les ljóðið „Vindurinn“ fyrir börnin. Ætlunin er að hlusta á vindinn og því er farið út í náttúruna til að athuga hvort vindurinn hljómi eins þar og inni í húsi. Börnin eru fengin til að velta fyrir sér hvort umhverfið skipti máli, t.d.:

- Hvernig hljómar vindurinn í skógarljóði?
- Hvernig hljómar vindurinn á berangri?

Með því að vera opin fyrir tækifærum má leiða athygli barnanna að því hvort hægt sé að finna einhverja hljóðgjafa sem hljóma líkt og vindurinn t.d.:

- Trjágrein sem sveiflað er í kringum sig
- Steinar sem skella saman
- Gosdósir sem smellur í
- Plastpoka sem skjáfar í

Þegar börnin hlusta á hljóðin sem koma frá þessum hlutum má spyrja hvort þau telji að hægt sé að búa til tónverk með þeim. Upplagt er að hlusta á margskonar tónlist sem spiluð er af geisladiskum sem og flutt af börnunum sjálfum. Til að vekja athygli þeirra á tónlist þar sem vindurinn er í aðalhlutverki, má benda á *Árstíðarnar* eftir Vivaldi.

Í lok verkefnisins er stefnt að því að börnin geti greint á milli umhverfishljóða. Þau hafi fengið tækifæri á að hlusta á margskonar tónlist. Og hafi upplifað þann mun sem er á hljóðum vindsins eftir því hvar hann blæs.

5. Verkefni - hreyfing

Markmiðið í þessu verkefni er að gera börn meðvituð um líkama sinn með því að fá þau til að túlka mismunandi hreyfingar eftir tilfinningu þeirra af vindi. Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir að leggja beri áherslu á hreyfingu barna.¹³⁴

Hlutverk kennara er að:

- Vera virkur þátttakandi í leik og starfi barnanna
- Sjá börnunum fyrir þeim efnivið sem þurfa þykir
- Hvetja til samvinnu

Ljóðið „Vindurinn“ er lesið fyrir þau og eftir það er umræða um vindinn. Börnin eru fengin til að túlka vindinn með því að:

- Rúlla sér eftir gólfinu eins og gosdós sem vindurinn feykir áfram
- Sveiga sig eins og tré í miklum vindi
- Líkja eftir laufblaði sem fýkur í vindinum

Eftir þetta fá börnin að leika sér með blöðrur og blása sápukúlur. Framkallaður er vindur með því að:

- Sveifla teppi
- Nota viftu
- Blása kröftuglega
- Opna glugga

Þegar þetta er gert upplifa börnin hvernig mismikill vindur hefur áhrif á svif blaðranna og sápukúlnanna. Í lok verkefnisins er stefnt að því að börnin hafi öðlast aukinn hreyfiþroska. Einnig að þau öðlist aukna færni í tjáningu með því að túlka vindinn með hreyfingu. Samvinna hafi aukist við að vinna saman að því að búa til vind sem og skilningur þeirra á áhrifum vindsins.

¹³⁴ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:19

6. Verkefni - ljóðagerð

Markmiðið með þessu verkefni er að efla sköpunargáfu sem og að auka málþroska barna. Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir að gefa skuli börnum margskonar tækifæri á að tjá sig með sköpun.¹³⁵ Ætlunin er að börnin semji ljóð um tilfinningar sínar þegar þau upplifa vindinn.

Markmið verkefnisins er að:

- Hvetja til umræðna
- Gefa börnunum tækifæri til að túlka upplifanir sínar
- Þjálf hugtakaskilning
- Hvetja til samvinnu

Kennari les ljóðið „Vindurinn“ fyrir börnin og hvetur þau til umræðna um það. Hann spyr þau opinna spurninga eins og t.d.:

- Hvernig er vindurinn á litinn?
- Er einhver lykt af honum?
- Er hægt að sjá hann?
- Er hægt að koma við hann?

Með þessum spurningum má ætla að kennari sé að örva hugmyndaflug og gagnrýna hugsun. Farið er út á leikskólalóðina þar sem börnin eru hvött til að:

- Reyna að finna lykt af vindinum
- Koma við vindinn
- Sjá vindinn
- Greina lit vindsins

Eftir það er farið aftur inn í leikskólann þar sem umræður um upplifanir barnanna eru ræddar og eflir það málþroska þeirra.¹³⁶ Tilgangurinn með því er að börnin, með hjálp

¹³⁵ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:22

¹³⁶ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:9

kennara, raði saman í ljóð þeim upplifunum sem þau urðu fyrir. Síðan er ljóð barnanna lesið og hvert og eitt barnanna teiknar mynd við það.

Í þeim tilgangi er hægt að nota t.d.:

- Olúkrítar
- Trélit
- Vaxlit
- Vatnslit

Að verkefninu loknu er stefnt að því að börnin hafi öðlast einhverja færni í því að búa til ljóð. Einnig á samvinna þeirra að hafa batnað. Börnin eiga að hafa fengið tækifæri til sköpunar og málþroski þeirra hefur verið örvaður.

Matsblað

Nafn barns:	Mjög góð	Góð	Sæmileg	Slök
Virkni				
Starfsgleði				
Samvinna				
Sköpun				
Frumkvæði				
Athugasemdir kennara:				

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Gunnar Sveinn Rúnarsson, Linda Björk Halldórsdóttir og Vilhjálmur Rúnar Vilhjálmsson. 1991. Vindurinn. *Ljóðabók barnanna, ljóð eftir börn fyrir börn og fullorðna*. Reykjavík, Íðunn, Alþýðusamband Íslands.

Jón R. Hjálmarsson. 2002. Herjólfur og Vilborg í Vestmannaeyjum. *Þjóðsögur við þjóðveginn*. 174-176. Reykjavík, Almenna bókafélagið.

Jón Thoroddsen. 1994. Krummavísur. *Vísur, kvæðabrot og þulur*. Reykjavík, Barnabókaútgáfan.

Þórarinn Eldjárn. 2004. *Óðhalaríngla*. Reykjavík, Vaka-Helgafell.